

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Fyrir okkur liggur hér í dag ákvörðun um að veita samþykki eigenda vegna allt að 10 milljarða króna lántöku með innlendu skuldabréfa útboði sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti fyrir sitt leyti 30. október sl. Skuldabréfaflokkurinn er til 25 ára, verðtryggður með vísitölu neysliverðs og ber fasta vexti 4,65% og þessi lántaka styrkir fjárhagsstöðu fyrirtækisins á marga vegu og skiptir máli. Hún gerir það í fyrsta lagi með sölu skuldabréfanna tryggð langtíma fjármögnun á langtíma fjárfestingar í samræmi við líftíma þeirra fjárfestinga. Í öðru lagi er verið að tryggja fyrirtækinu lausafjárstöðu og sjóðsstreymi í samræmi við áætlanir. Í þriðja lagi er verið að auka þátt innlendrar fjármögnunar í langtíma fjármögnun fyrirtækisins sem samræmist betur tekjustreymi þess, sem nú er um 80% í íslenskum krónum. Og loks er hér verið að fjármagna framkvæmdir í samræmi við áætlanir. Þetta þekkja borgarfulltrúar allir sem hér eru.

Það skal tekið fram að borgarfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna í stjórn Orkuveitunnar sátu hjá við afgreiðslu þessa máls og bókuðu meðal annars að skoða þyrfti frekar heildarfjárhagsstöðu fyrirtækisins. Og hér er framlagt í samræmi við beiðni frá borgarráði, þar sem samþykkt var svohljóðandi tillaga, með leyfi forseta:

Borgarráð óskar eftir því að fjármálastjóri útbúi minnisblað um fjárhagslega stöðu Orkuveitunnar, fjárfestingaáform næsta árs og umsögn um áhrif nýs lánsþátttöku og minnisblaðið verði lagt fyrir borgarfulltrúa fyrir borgarstjórnarfund þar sem innlent skuldabréfaútboð Orkuveitu Reykjavíkur verður afgreitt.

Þetta samþykktu allir borgarráðsfulltrúar og fram er því lagt minnisblað frá fjármálastjóra um skuldabréfaútboð, um forsendur fjárfestingar og fjármögnun ársins 2010, áhrif lánsþátttöku Moody's á endurfjármögnun og framkvæmdalán, gerð grein fyrir rekstrarhagræðingu og svo farið yfir fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur og ég þakka fjármálastjóra og hans fólki fyrir snör vinnubrögð í þessu, og að þetta liggi fyrir hér og nú. En eins og borgarfulltrúar þekkja, þá hefur Orkuveita Reykjavíkur lengi verið eitt af flaggskipum íslensks atvinnulífs. Þetta er fyrirtæki sem byggir á skynsamlegri notkun auðlinda, uppbyggingu

tækniþekkingar og því að veita borgarbúum og öðrum íbúum og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu mikilvæga og nauðsynlega þjónustu á mjög svo sanngjörnu verði. Kraftur fyrirtækisins hefur sannarlega haft margfeldisáhrif til góðs á mörgum sviðum atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu. En alveg eins og gildir um öll önnur fyrirtæki í landinu þessa dagana, stór og smá, þá hefur umhverfi þessa öflugra fyrirtækis breyst til hins verra á síðustu tveimur árum. Þar tala ég auðvitað fyrst og fremst um fall gengis krónunnar og lokun lánamarkaða heimsins.

Ég vil hér í byrjun ítreka og undirstrika að þetta fyrirtæki líkt og borgin okkar og í raun Ísland allt er auðvitað ekki einangrað og aðskilið frá því sem gerst hefur og er að gerast nú um allan heim. Og með mörgum góðum rökum er því hægt að halda því fram, að ytri aðstæður fyrirtækja á Íslandi séu með þeim erfiðustu sem gerist nú um stundir, en alvarlegir erfiðleikar í rekstri eru á könnu flestra fyrirtækjastjórna um allan heim, þrátt fyrir að sum staðar sé sem betur fer byrjað að rofa til og vonandi stutt í að hið sama gerist hér.

En okkar verkefni hér í Borgarstjórn Reykjavíkur er að sigla þessu flaggskipi okkar í gegnum þann storm sem næðir um það, þ.e.a.s. Orkuveitu Reykjavíkur og um borgina okkar og um samfélagið allt. Það sem að við þurfum að ákveða hér í dag er hvernig við bregðumst við á skynsaman og uppbyggilegan hátt við þeim staðreyndum sem nú blasa við í fjárhag fyrirtækisins. Það skiptir öllu máli að við sem fulltrúar eigenda þessa fyrirtækis, þ.e.a.s. borgarbúa sem að þetta fyrirtæki eiga, höldum vöku okkar, sýnum stjórnendum fyrirtækisins virkt og öflugt aðhald, en styðjum jafnframt við nauðsynlegar aðgerðir til að treysta fjárhagslega undirstöðu fyrirtækisins. Um leið og við gerum þetta þurfum við að standa vörð um fjárhagslegt öryggi borgarinnar, enda er það samtvinnað og tengist, þar sem að borgin er í ábyrgð fyrir láni Orkuveitunnar. Og það er auðvitað engum blöðum um það að fletta og það á ekkert að draga neinn dul á það, að fjárhagsstaða Orkuveitu Reykjavíkur er erfið, rétt eins og fjárhagsstaða fjölmargra fyrirtækja, bæði hér á landi og í öðrum löndum. Þetta á við vegna lánanna, eins og við þekkjum, en að öðru leyti hefur rekstur Orkuveitunnar gengið vel, fyrirtækið er stöndugt og veitir trausta og örugga þjónustu og mun auðvitað ekkert breytast í því. En þetta er eins og ég hef nefnt, rétt eins og fjárhagsstaða fjölmargra fyrirtækja hér á landi og í öðrum löndum, þá er staðan erfið og öðruvísi en hún hefur verið. Og þetta sér

auðvitað hver sem skoðar ársreikninga fyrirtækisins, að skuldsetning þess er veruleg og skuldir nema nú háum tölum sem auðvitað hefur áhrif og hefur hækkað mjög mikið frá árslokum 20007, og gengisþróunin undanfarið haft víðtæk og veruleg áhrif á þetta annars góða fyrirtæki. Gengislækkunin hefur líka þýtt að rekstrarreikningur fyrirtækisins rétt eins og rekstrarreikningur annarra íslenskra fyrirtækja er markeraður af gengistapi. Ég vil þó undirstrika að það gengistap er fyrst og fremst bókhaldslegt, ekki eru að flæða raunverulegir peningar út úr fyrirtækinu að öðru leyti en því, að auðvitað hafa vaxtagreiðslur þess þungst nokkuð. Þó ekki eins mikið og ætla mætti vegna þess að vextir á erlendum mörkuðum hafa lækkað eftir hrunið, þannig að innlend lánsfjármögnun er ástæða hækkunar vaxtagreiðslna. Tekjur fyrirtækisins eru hins vegar svipaðar og þær voru í fyrra.

Ágætu borgarfulltrúar, það er þess vegna ljóst að okkar góða þjónustufyrirtæki glímir nú við tímabundna erfiðleika vegna ástands á lánamörkuðum og stöðu íslensku krónunnar. Miklu máli skiptir að horfa fram á veginn og beina athyglinni að því hvað hægt er að gera til að styrkja stöðu fyrirtækisins við núverandi aðstæður. Og ég vil árétta það að stjórnin hefur unnið afar gott starf að undanfögnu, undir oft miklu álagi og sérstaklega stjórnarformaðurinn. Og stjórnendur fyrirtækisins sem hafa unnið að því hörðum höndum allt þetta ár, að auka aðhald í rekstri í samræmi við kröfur okkar eigenda og að standa vörð um grunnþjónustu, störf og gjaldskrár. Auk þess hefur fyrirtækið lagt alla áherslu á að standa við áætlanir um fjárfestingar og þar með mannaflsfrekar framkvæmdir með góðu samstarfi við nýju innlendu bankana og í þeirri viðleitni fyrirtækisins að standa vörð um þá atvinnu sem er svo mikilvæg í þessu landi við þessar aðstæður. Orkuveitan á stóran hlut í þeim mörgu verkefnum sem að er unnið á því sviði og hefur þess vegna stóru og mikilvægu hlutverki að gegna.

Og það var auðvitað ánægjulegt þegar að fréttir bárust af því að Evrópski fjárfestingabankinn, þegar að hann tilkynnti á dögunum að þeir hygðust standa við fyrra lánsloforð til fyrirtækisins og lána 30 milljarða til verkefna á vegum fyrirtækisins. Og um leið og menn ræða breytt lánshæfismat þá er vert að hafa það í huga, að þessi afgreiðsla hún staðfestir sannarlega trú þessa öflugra banka á rekstri og fjárfestingum Orkuveitu Reykjavíkur og þann staðfasta ásetning

bankans að standa með fyrirtækinu, og með þeim sem vilja ótrauðir nýta endurnýjanlega orku jarðvarmavirkjunar. Það er í huga margra bæði aðlaðandi og nauðsynlegur kostur, ekki bara fyrir Ísland heldur fyrir heiminn. Og bankinn hefur gert sitt áhættumat og telur að fyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur sé traust, þótt að á móti blási nákvæmlega núna. Þessi yfirlýsing er auðvitað kærkomin og skiptir miklu gagnvart öðrum lánveitendum og aðgengi að lánum. Nýlegt lánsþáttur Moody's, sem leiðir fyrst og fremst af lánsþáttum Moody's á íslenska ríkinu, hefur þannig minni þýðingu en ella, þegar fjármálastofnanir sjá mat Evrópska fjárfestingabankans sem nýtur hvarvetna mikillar virðingar.

Að þessu sögðu er einnig ljóst, að um leið og við styðjum við bakið á góðu fyrirtæki í eigu borgarinnar munum við, eins og ábyrgum eiganda sæmir í erfiðu árferði, auka aðhald og eftirlit með rekstri fyrirtækisins. Þetta þekkja borgarfulltrúar, hefur margítrekað verið rætt á vettvangi stjórnar Orkuveitunnar, á vettvangi borgarráðs og á þeim vettvangi sem við erum núna. Og það er unnið að enn frekari eflingu áhættustýringar í fjármálum fyrirtækisins, styrkingu stefnumótunar, gerð eigendastefnu og enn þéttara aðhalds í rekstri, þrátt fyrir að mikill árangur hafi náðst í þeim þáttum á síðasta ári. Við þurfum einnig sem fulltrúar borgarbúa, að tryggja með öllum ráðum, að erfiðleikar í rekstri Orkuveitunnar hafi ekki áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar. Borgin er í ábyrgð fyrir meginhluta lána Orkuveitunnar og það er ekki á nokkurn hátt hægt að horfa framhjá þeirri auknu áhættu sem að ástandinu fylgir fyrir borgina. Því hefur jafnframt verið aukið reglulegt samráð og upplýsingagjöf frá stjórnendum fyrirtækisins til fjármálastjóra borgarinnar, og ég vil fullyrða að samstarf og það samráð hafi aldrei verið betra en einmitt núna og allir eru meðvitaðir um mikilvægi þess að þannig verði það áfram.

Góðir borgarfulltrúar, ég ítreka að tekjuflæði þessa fyrirtækis er gott. Innviðir þess eru góðir, sem stendur eru vaxtagjöld ekki mjög há, en það mun breytast þegar að vextir erlendis fara hækkandi að nýju. Nýr skuldabréfaflokkur í íslenskum krónum hefur þann kost að bæta jafnvægið á milli tekjustreymis í íslenskri mynt og þeirra vaxtagjalda sem greiða þarf. Vextirnir eru vissulega hærri en verið er að greiða af erlendum lánum og eru af því leyti óhjákvæmilega óhagkvæmari. Það er þó mat fjármálastjóra Orkuveitu Reykjavíkur og fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, að

Þessi lántaka styrki fjárhagsstöðu fyrirtækisins, bæði til lengri og skemmri tíma. Og þetta sjá borgarfulltrúar í því minnisblaði sem að hér fylgir umræðunni frá fjármálastjóra borgarinnar.

Loks vil ég segja, að í ljósi breyst lánshæfismats fyrirtækisins og þeirrar þröngu stöðu sem nú er á fjármálamörkuðum kann að vera skynsamlegt og við erum auðvitað að skoða það, og borgarfulltrúar geta fengið þau gögn, ítarleg gögn um afgang eigenda af fyrirtækinu sem hefur verið fast um nokkurn tíma og ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að taka slíkt afgang og hef hér undir höndum mörg gögn og minnisblöð til fyrrverandi borgarstjóra. Sérstaklega eru hér nokkur minnisblöð til Ingibjargar Sólrúnar Gíladóttur borgarstjóra, sem á þeim tíma spurði um afgangið og rökin fyrir því, og alls staðar eru sömu rök og eiga allan rétt á að taka slíkt afgang og mun auðvitað gera það áfram. Fjármálastjóri leiðir þær viðræður við Orkuveitu Reykjavíkur, að ræða um afgang borgarinnar við þessar aðstæður. Við höfum gert kröfur um þennan, það er dálítið villandi í raun og veru að tala um arð, vegna þess að menn hafa ekki tekið hlutfall af arði, menn hafa í raun og veru tekið fast afgang, sama við hvaða aðstæður það er, og nú erum við í viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur um það með hvaða hætti þeir geti staðið í skilum gagnvart sínum eigendum að því er varðar afgang. Og stjórnendur Orkuveitunnar eru bjartsýnir á að geta gert það, enda gert ráð fyrir því inni í þeirra áætlunum. En þó má vel vera, að við þær aðstæður sem nú eru uppi og þau nýju tíðindi sem að hafa borist vegna þessa lánshæfismats og annarra þátta, að þá sé rétt að líta til þess hvaða tala verður nákvæmlega á endanum, en það verður auðvitað gert bæði með það að markmiði að fyrirtækið komist vel frá því, en líka að borgarbúar komist vel frá því.

Síðan vil ég líka benda á það og er rétt að benda á það og tengist þá þeim fjármunum sem eigendur fá frá þessu fyrirtæki, að um áramót tekur gildi ný löggjöf um ábyrgðargjald vegna lána og þannig munu tekjur borgarinnar í raun og veru sjálfkrafa hækka að ábyrgðum og lánnum Orkuveitu Reykjavíkur. Það er gert ráð fyrir því að þessi löggjöf taki gildi um áramót, þar sem að ábyrgðargjald vegna lána fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og önnur sambærileg fyrirtæki, að ábyrgðargjaldið hækkar, þannig að eigendur fá meira af því. Og þá auðvitað sanngjarnt og eðlilegt að líta til þess í þeirri umræðu, að meta þessa hluti og

nákvæmlega hversu mikið kemur frá Orkuveitunni inn í Reykjavíkurborg. Og við megum ekki gleyma því, að í raun og veru er þetta afgjald, svona fjármagnskostnaður sem borgin ber af þessu og það er eðlilegt að borgarþáttgjafar geri þær kröfur að fyrirtækin skili því inn í borgarsjóð og taki þannig þátt í þeirri kjarnastarfsemi sem hér er rekin og verður að vera til staðar.

Þannig að þetta er varðandi það, en mörg fyrirtæki, ágætu borgarfulltrúar, eins og ég hef rakið hér, stór og smá, innlend sem erlend, standa frammi fyrir margvíslegum erfiðleikum eftir þá kreppu sem við erum nú að upplifa. Orkuveita Reykjavíkur eins sterk og hún er, eins öflugt og mikilvægt fyrirtæki og hún er, er þar að sjálfsögðu engin undantekning. Það segir okkur kannski betur heldur en margt annað hversu erfitt ástandið sem við búum við er raunverulega, að við séum að tala um þetta hér í dag og þetta er farið að hafa áhrif að sjálfsögðu á öll sterkustu og stöndugustu fyrirtæki landsins.

Auðvitað spyrjum við okkur öll sem hér sitjum, hvort við höfum á einhverjum tímamarki undanfarin 5-10 ár tekið einhverjar þær ákvarðanir sem að hafa verið afdrifaríkar í þessu samhengi. En um flest sem á vettvangi stjórnar Orkuveitunnar hefur verið um langan tíma um stórar framkvæmdir og ákvarðanir hafa menn verið samstíga nema ef að vera skyldi fulltrúar Vinstri grænna sem hafa haft ákveðna sérstöðu á þeim vettvangi. Og ég tel auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að við spyrjum okkur þessarar spurninga í dag og við eigum að spyrja þeirra stöðugt, og við eigum að vakta fyrirtækið stöðugt og vinna því þannig gagn að það nýtist borgarþáttgjafum og hafi mikilvægu hlutverki að gegna, sem það sannarlega gerir í okkar ágæta samfélagi.

Þannig að ég hvet eindregið til þess, hæstvortur forseti, að við hér í dag horfum á þau verkefni sem að blasa við okkur í nútíð og framtíð og sameinumst um það að tryggja stöðu fyrirtækisins og um leið stöðu borgarinnar og að sú beiðni sem að hér liggur fyrir fundinum frá stjórn Orkuveitu Reykjavíkur verði samþykkt.

Forseti: Hæstvortur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Næst tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Á fundi stjórnar Orkuveitunnar 3. júlí sl. var lagt fram svohljóðandi erindi, með leyfi forseta:

Óskað er heimildar stjórnar til lántöku að fjárhæð 5 milljarða króna með skuldabréfaútbóði í íslenskum krónum á innlendum markaði.

Og í greinargerð með tillögunni segir, með leyfi forseta:

Lánið er tekið til að brúa fjárþörf samkvæmt fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og til endurfjármögnunar hluta af 5 milljarða láni sem er á gjalddaga í mars 2010.

Tilvitnun lýkur. Um þetta leyti, og ég man á þessum fundi, voru stjórnarmenn í Orkuveitu Reykjavíkur orðnir óþreyjufullir eftir láni Evrópska fjárfestingabankans sem að átti að koma í fyrra. En núna er heldur að hýrna háin því flest bendir til að lánið myndi koma um miðjan júlí, 15. júlí var nefndur. Ég held að það hafi verið 16. eða 17. júlí, að forstjóri Orkuveitunnar hringdi í mig og sagði mér að Evrópski fjárfestingabankinn ætlaði ekki að lána Orkuveitunni, hefði tekið ákvörðun um að lána ekki Orkuveitunni. Kreditdeild bankans einfaldlega mælti gegn því, vegna bágrar stöðu fyrirtækisins. Síðan þá hafa staðið yfir samningaviðræður sem fjármálaráðherra hefur komið að og nú er sagt að sjálfur bankastjórinn í Evrópska fjárfestingabankanum, að mér skilst, sé að koma á föstudaginn kemur, verður hér á föstudaginn kemur til að undirrita þetta lán, við athöfn. Þetta lán sem að allaf er að hækka í krónum útaf gengisfallinu er að núvirði um 30 milljarðar og það á að duga, það er eyrnamerkt helminginn í Hellisheiðarvirkjun og helminginn í Hverahlíðavirkjun. Þar sem ekki er ljóst hvort að takist að fjármagna restina af Hverahlíðavirkjun og reyndar ekki búið að fjármagna restina af Hellisheiðarvirkjun svo ég viti, í það minnsta ekki Hverahlíðavirkjun, og það er í raun og veru ekki heldur á hreinu hvort að það sé um að ræða kaupanda að rafmagninu verður byrjað á því að nota helminginn af láninu, þ.e.a.s. til Hellisheiðarvirkjunar. Það er orðið fullljóst að sá leiðangur sem haldið var í verður ekki á þá leið sem vonir stóðu til.

Núna erum við beðin um að staðfesta skuldafjárútbod upp á 10 milljarða og í þetta skipti er ekkert í textanum svo ég sjái, sem segir að borga eigi kúlulánið sem að

fellur í mars. Og satt best að segja yrði ég ekki hissa á því að þegar upp er staðið, þá verður það bara framlengt áfram og ég veit að það hefur verið gefið ákveðið grænt ljós á það. Það er mikil umræða í samfélaginu um stöðu Orkuveitunnar og undanfarna daga hefur sú skoðun verið sett í fjölmiðla að fyrirtækið gæti hugsanlega farið í þrot. Og Reykvíkingar eru áhyggjufullir, því að þegar upp er staðið og þrátt fyrir allt sjálfstæði þessa fyrirtækis þegar allt gengur vel, þá er það borgin sem fyrst og fremst stendur í ábyrgð fyrir heila klabbinu. Eins og staðan er núna hjá meðeigendum okkar þá held ég að þaðan kæmi ekki króna ef að illa færi.

Þegar umræðan var sem mest um HS-Orku var þar fullyrt og það sett inn sem rök í málinu, að það fyrirtæki stæði svo illa að menn mættu bara vera fegnir að losna við það, að menn mættu bara vera fegnir að einhver væri til í að kaupa HS-Orku. Þá var eiginfjárlutfall HS-Orku 18% og í dag ef marka má fréttir í Fréttablaðinu eru þeir komnir upp í 22%, ég skil reyndar ekki alveg hvernig það gerðist, en svo segja þeir. En þá verður líka að taka það í reikninginn að það var búið að skipta Hitaveitu Suðurnesja upp og eigið fjárlutfall veitufyrirtækisins er mun hærra en orkufyrirtækisins. Þannig að það má örugglega halda því fram með einhverri vissu, að HS-Orka og Hitaveita Suðurnesja sameinuð væri með eiginfjárluta allt að 30%. Sameinuð eiginfjárstaða Hitaveitu Suðurnesja er því góð, í það minnsta þegar miðað er við Orkuveitu Reykjavíkur.

Þó að það megi ekki segja það sama um Landsvirkjun, að þá er eiginfjárstaðan þar um eða yfir 20% og mér er sagt að lánasamningur sem Landsvirkjun er með var kláraður fyrir hrún sé að mörgu leyti hagstæðari heldur en þau lán sem við erum að taka í dag. Síðan er RARIK í fínni stöðu, ég veit ekki hvað þau eru með örugglega 50% eiginfjástöðu og eftir stendur Orkuveitan með 14,1% eiginfjástöðu síðast þegar við vissum, upplýsingar sem koma fram í 6 mánaða uppgjörinu og mér finnst umræðan vera einhvern veginn á þann veginn, að ekki sé staðan að batna.

Síðasti stjórnarfundur Orkuveitunnar var boðaður til að fara yfir starfs- og fjárhagsáætlun. Þegar til kom lá engin áætlun fyrir, en þess í stað var lögð fram tillaga um ráðstafanir vegna skammtímalána og yfirdráttu í og með til þess að hægt væri að borga út laun. Og síðan tillaga og umræða um skuldabréfaútboðið sem við erum að ræða hér. Það var og er augljóst að vandinn er fyrir hendi, en

okkur í minnihlutunum í Orkuveitunni var og er ekki ljóst umfang hans. Nauðsynleg gögn í stöðunni, svo sem 9 mánaða uppgjörið og fjárhagsáætlun næsta árs, liggja ekki fyrir og uppgöfin ástæða fyrir því að ekki væru lögð fyrir drög að fjárhagsáætlun var sú, að það væri ekki hægt fyrr en búið væri að ganga frá láninu við Evrópska fjárfestingabankann. Við gætum ekki séð drög að fjárhagsáætlun fyrr en að það væri búið að ganga frá láninu við Evrópska fjárfestingabankann. Það þykir mér undarlegur fyrirsláttur, vegna þess að vel hefði mátt leggja fram drög sem að sýndu stöðuna með eða án lánsins. Það hefði og það átti að leggja fram drög að fjárhagsáætlun þó að henni hefði verið frestað vegna þess að það hefði hjálpað okkur við að átta okkur á stöðunni. Hjálpað okkur í minnihlutunum sem væntanlega höfum minni upplýsingar heldur en þeir sem eru í meirihluta Orkuveitunnar. Þetta eru vinnubrögð sem eru ekki til þess fallin að auka traust. Það er í það minnsta öllum ljóst að fjármögnun byggð á skammtímalánum og yfirdráttum er dýr og þegar nú á að bæta 10 milljörðum á 4,65% vöxtum, hlýtur arðsemi þeirra rafmagnssölu sem á að fara til Norðuráls af Helligheiðinni að minnka og spurningin er um það hvenær að dæmið snýst við, hvenær arðsemin er engin eða minna en engin.

Fljótlega eftir að ég kom í stjórn Orkuveitunnar nú í sumar og haust fór ég að átta mig á því að staða Orkuveitunnar væri veik og full ástæða fyrir okkur borgarfulltrúa að fara vel yfir stöðuna. Ég lagði því til í borgarráði eftirfarandi tillögu, með leyfi forseta:

Borgarráð felur fjármálaskrifstofu borgarinnar að nálagst árshlutareikning Orkuveitu Reykjavíkur og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til glöggvunar fyrir borgarráð með tilliti til áhættu af fjárfestingaáformum Orkuveitunnar fyrir A-hluta borgarsjóðs. Fjármálaskrifstofu jafnframt falið að gera tillögu til ráðsins um gerð áhættumats til þátta Orkuveitunnar sem hugsanlega geta ógnað fjárhagslegu öryggi borgarinnar.

Tilvitnun lýkur. Þessi tillaga var ítrekað tekin á dagskrá og af henni aftur, en þegar hún var loksins tekin til afgreiðslu var það til að vísa henni frá, með þeim rökstuðningi, með leyfi forseta:

Að það hlyti að teljast hlutverk fjármálaskrifstofu að greina ársreikninga og árhlutauppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar og gera borgarfulltrúum meðal annars grein fyrir því ef sérstakar áhættur eru í rekstri eða rekstrarumhverfi borgarinnar.

Tilvitnun lýkur. Þetta var gert, tillögu minni var vísað frá með þessum rökum þrátt fyrir að bæði fjármálaskrifstofa borgarinnar og innri endurskoðun hafi sett fram þá skoðun, að B-hluta fyrirtækin og þar á meðal Orkuveita Reykjavíkur hafi stöðugt verið að fjarlægjast eigendur sína. Skilaboð sem að mínu mati er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo, að þessar stofnanir borgarinnar teldu sig ekki geta gætt eftirlitshlutverkinu nægjanlega vel. Ég skil ekki þessi skilaboð öðruvísi.

Að mínu mati er núna ástæða til að ætla að sérstakar áhættur séu í rekstri eða rekstrarumhverfi borgarinnar og það gildi mögulega um fleiri B-hluta fyrirtæki en Orkuveituna. En vegna stærðar og umfangs Orkuveitunnar þurfum við sérstaklega að gæta að henni. Áhættan gæti meðal annars falist í framtíðarfjárfestingu á formum Orkuveitunnar og aukinni skuldsetningu. Við þurfum að skoða þetta líka útfrá þeim sjónarmiðum, að það gætu verið tækifæri í því, í stöðunni, að fjárfesta ekki mikið meira í virkjunum á háhitasvæðunum okkar heldur einfaldlega bíða eftir því að orkan hækki í verði til muna, eins og spáð hefur verið að muni gerast í nánustu framtíð. Það þarf að skoða sérstaklega arðsemi Hellisheiðarvirkjunar, vegna þess að væntanlegar tekjur og orkusala til Norðuráls koma ekki tekjur af orkusölnunni, af orkusölusamningunum til Norðuráls, koma ekki fyrr en árið 2012. Við þurfum að fá þetta mat sem ég veit og mér er sagt að fjármálaskrifstofan sé að vinna, og okkur var sagt það inni í borgarráði þegar tillögu minni var vísað frá. Við þurfum að fá mat á þeirri áhættu sem af þessu öllu stafar, af því að hún er eða allavega lítur út fyrir að vera raunveruleg.

Forseti, borgarfulltrúar. Um síðustu aldamót var verið að sameina veitufyrirtækin í Reykjavík, fyrst Hitaveituna og Rafmagnsveituna og svo Vatnsveituna ári síðar. Við vorum með blómleg og skuldlítill fyrirtæki og það fór ekki á milli mála að sum þeirra í það minnsta möluðu gull. Hitaveitan var látin byggja Perluna og gott ef hún fjármagnaði ekki til dæmis uppbyggingu Höfða líka á sínum tíma.

Árið 2001 var eiginfjárhlutfall Orkuveitunnar tæplega 60% og hlutfall langtímaskulda rúmlega 35%. Um áramótin 2005-2006 var eiginfjárhlutfallið 48,6% og hlutfall langtímaskulda 44,9% og um mitt árið 2007, það umtalaða ár, skárust línurnar og hlutföllin snérust við, þannig að um áramótin 2006-2007 var eiginfjárhlutfallið komið niður í 46,5% og hlutfall langtímaskulda í 48,7%. Og í

dag er eiginfjárstaðan eins og áður sagði sú lægsta meðal stóru orkufyrirtækjanna 14,1% og er hugsanlega að fara lækkandi.

Að sjálfsögðu er það rétt hjá borgarstjóra að þróun gengisins er stór ástæða fyrir þessu, en ég er alveg viss um það að það er ekki eina ástæðan, það er ekki eina ástæðan. Og fjárfestingar þegar átti að draga úr þeim kemur fyrst í hugann. Það er í það minnsta þannig að á sama tíma og Orkuveitan hefur verið að fjarlægjast borgina og eigendur sína, borgarbúa, eru það borgarbúar sem að fá að borga brúsann ef illa fer. Reykvíkingar eiga heimtingu á því að fá allar upplýsingar um stöðu sína, síns langstærsta fyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur og við kjörnir fulltrúar erum skyldug til að krefjast allra upplýsinga og upplýsa stöðuna og gera viðeigandi ráðstafanir.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúinn Sigrún Elsa Smáradóttir.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Við erum hér að ræða skuldabréfaútböð Orkuveitunnar og skuldir fyrirtækisins. Ég held að það sé rétt að ég taki við þar sem síðasti ræðumaður lauk máli, en þar var borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson að fara yfir þróun lána hjá Orkuveitu Reykjavíkur og eiginfjárhlutfalls undanfarin ár. Það er áhugavert og gagnlegt fyrir okkur sem hér erum að gera okkur grein fyrir því hvernig þessi þróun hefur verið og hvernig þessi skuldaaukning kemur til og hvenær hún kemur til, en eins og fram kom í máli Þorleifs að þá var við lok árs 2005, sem er síðasta árið sem Reykjavíkurlistinn skilaði heilu ári hjá Orkuveitunni, því að það urðu náttúrulega skipti hér í borgarstjórn svo snemma árs 2006, að þá voru lán Orkuveitunnar 55,1 milljarðar, 55,1 milljarðar meðan að núna samkvæmt 6 mánaða uppgjöri 2009, fjórum árum síðar, eru lánin 227 milljarðar. Þegar ég er að tala um 55,1 milljarð, að þá er búið að gera ráð fyrir áhrifum verðlags og búið að uppreikna þá tölu sem var í ársreikningnum, sem var í ársreikningnum í lok árs, en lánin stóðu samkvæmt ársreikningi í 40 milljörðum. En þegar búið er að uppreikna þetta miðað við verðlag í júní 2009, og þetta eru bara útreikningar frá fjármálasviði Orkuveitunnar, að þá stóðu lánin í 55,1 milljarði og núna 227. Þetta er því fjórföldun miðað við fast verðlag á lánunum Orkuveitunnar á þessum fjórum árum og ef maður miðar við krónutöluna á hverjum tíma að þá er þetta nánast sexföldun. Og við vitum það öll, að þó að megi kenna krónunni um ýmislegt, og fyrst skal ég verða til þess að kenna henni um allt mögulegt, að þá verður hruni á henni ekki kennt að öllu leyti um þessa skuldaaukningu, og raunar aðeins að hluta.

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir vék að því áðan í sínu máli, að við spyrðum okkur sjálfsagt öll hvort að það væri eitthvað sem við hefðum getað gert öðruvísi og fullyrti svo í kjölfarið, að stjórnin hefði verið samstíga um allar stórar framkvæmdir. Ég vil nú ekki alveg taka undir það. Því að ef við skoðum það hvað það er sem knýr fjárfestingar Orkuveitunnar áfram, að þá er það orkuöflun, og hefur verið undanfarin ár, orkuöflun til álvers í Helguvík, og við höfum, fulltrúar Samfylkingarinnar, allt frá upphafi höfum við, jafnvel meðan að við vorum í meirihluta, það má rekja þá sögu alveg síðan Reykjavíkurlistinn var hér við völd

við lok kjörtímabilsins, og þá vill nú svo til að ég var einmitt varaformaður stjórnar Orkuveitunnar, en þá tókum við ekki þátt, strax þá, í viljayfirlýsingum við álver í Helguvík og höfum alveg frá því þá haldið okkur fjarri því, enda höfum við haft ýmsa fyrirvara um áhrif þessara framkvæmda sem verkefninu fylgja á stöðu Orkuveitunnar. Og ég vil bara til upprifjunar og í ljósi ummæla borgarstjóra hérna áðan rifja upp og fá að lesa, með leyfi forseta, upp úr bókun sem að ég lagði fram, þá sem varaformaður stjórnar Orkuveitunnar í stjórn Orkuveitunnar, þegar að fyrsta viljayfirlýsing um álver í Helguvík var þar til umræðu. Bókunin er svona, með leyfi forseta:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 30. mars að fela forstjóra Orkuveitunnar að gera úttekt á möguleikum hennar til að afla raforku til stóriðju í Helguvík. Í því sambandi yrði meðal annars hugað að eftirfarandi atriðum; mögulegri orkuöflun, flutningsleiðum, verði og hagkvæmni, ...

Öll þessi mál eru raunar ennþá til umfjöllunar og ekki búið að fá úr þeim skorið ennþá.

...öflun rannsóknaleyfa, áhrif virkjanaframkvæmda á umhverfi, áhrif framkvæmda í tengslum við verkefnið á efnahagslífið.

Og svo segir með leyfi forseta:

Niðurstöður úttektarinnar átti svo samkvæmt tillögunni að vera kynntar stjórn og eigendum. Ofangreind úttekt hefur ekki verið kynnt eigendum og hefur því hvorki verið rædd í borgarráði né borgarstjórn. Undirrituð telur nauðsynlegt að sú umræða fari fram áður en stjórn staðfestir viljayfirlýsingu milli Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um áhrif hugsanlegra virkjunarframkvæmda á efnahag Orkuveitu Reykjavíkur, sérstaklega eiginfjárlutfall fyrirtækisins til lengri tíma og meðan á framkvæmdinni stendur. Þessi áhrif verði skoðuð í samhengi við önnur fjárfestingaráform fyrirtækisins, svo sem lagningu ljósleiðara. Hvar liggja þölmörk fyrirtækisins í fjárfestingu? Huga verður að því að fjárfestingar fyrirtækisins á ýmsum sviðum, þó arðsamar séu til lengri tíma, leiði ekki til þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerð til að auka eigið fé fyrirtækisins.

Svona hljóðaði nú bókunin þá og þetta er lína sem við höfum síðan haldið okkur við þegar kemur að málefnum varðandi álver í Helguvík í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, enda ljóst nú að þessi varnaðarorð áttu fyllilega rétt á sér, þó að Alfreð Þorsteinsson þáverandi stjórnarformaður í sömu stjórn og ég var þá varaformaður bókaði, að það sem fram kæmi í minni bókun væri á misskilningi byggt. En það voru semsagt sjálfstæðismenn í Borgarstjórn Reykjavíkur og

Framsóknarmenn sem hafa keyrt þessi mál áfram frá upphafi í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Og eins og við þekkjum og ég fór yfir hérna áðan, að þá hefur þessi hraða keyrsla nú orðið til þess að á fjórum árum síðan þessir flokkar náðu nú loks saman með meirihluta í borgarstjórn, þó með stuttu hléi hafi verið, að þá hefur skuldastaða fyrirtækisins fjórfaldast á föstu verðlagi. Það er nú staðan.

Fleiri varnaðarorð hafa í gegnum tíðina verið bókuð og ég tala nú ekki um þau sem hafa bara verið mæld af munnni fram í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur undanfarin ár. Ég leyfi mér hér að vísa í tillögu sem að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson flutti í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 4. júní 2007, en þá lagði hann til að kannaðir, og ég fæ að lesa tillöguna með leyfi forseta,

... væru kostir mismunandi leiða við að virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur vegna samninga um sölu á orku til stóriðju verði sjálfstæðar einingar, standi undir öllum kostnaði þeim tengdum og verði fjármagnaðar með verkefnafjármögnun og án ábyrgðar eigenda.

Þessari tillögu var frestað og eftir því sem ég best veit er hún ennþá í frestun. En það hefði náttúrulega verið á þessum tíma, mjög góður tími til þess að fara út í þennan aðskilnað, hann er mjög erfiður í dag, út af fjárhagsstöðu fyrirtækisins, út af því að lánveitendum er mjög annt um þær ábyrgðir sem fyrir eru. Þetta hefði verið tíminn til athafna, en meirihlutinn kaus þá á þessum tíma að fresta tillögunni og hafa hana að engu. En að sjálfsögðu fylgdu þessari tillögu varnaðarorð um þær ábyrgðir af lánum sem að borgin hefði vegna þessara virkjana.

Þannig hafa fulltrúar Samfylkingar og raunar VG líka eins og hér hefur komið fram á ýmsum stigum, bæði á þessu kjörtímabili og á því síðasta, komið fram með varnaðarorð og tillögur til að takmarka áhættu í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur, en framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, og jafnvel í tíð Reykjavíkurlistans, hafa keyrt framkvæmdir og þar með krappa skuldasetningu áfram af miklum krafti.

Að þessu sögðu vil ég þó líka segja, að það er ljóst að hrun krónunnar á sinn þátt í aukningu skulda, enda er það ein röksemdin sem fram kemur í minnisblaði fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, þar sem hann mælir með því að þessi lántaka eða þetta skuldabréfaútboð sé samþykkt og ég ætla að fá að lesa það, með leyfi forseta, þar sem að segir í því minnisblaði: „Í fjórða lagi ...“ það er verið að tiltaka

rökin fyrir samþykktinni, „að auka þátt innlendrar fjármögnunar í langtímafjármögnun fyrirtækisins sem samræmist betur tekjustreymi þess.“

Þetta er mál sem að við í Samfylkingunni höfum lengi haft áhyggjur af í stjórn Orkuveitunnar og langar mig til þess að vísa til þess, að 30. maí 2008, nokkru fyrir hrun, að þá óskaði ég eftir minnisblaði í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur um áhrif krónunnar á stöðu fyrirtækisins og í svari fjármálastjóra Orkuveitunnar á þeim tíma kom meðal annars fram, sem mér finnst vert að rifja hér upp, vegna þess að þar er fjármálastjóri í rauninni að færa rök fyrir því hvers vegna ekki sé hægt að taka lán í íslenskum krónum og það verði að gera það í erlendum krónum og þau rök væntanlega eiga við enn frekar í dag heldur en þá, þar sem að vaxtamunurinn hefur aukist ef eitthvað er milli innlendra og erlendra lána. En ég ætla hér að grípa niður í minnisblað fjármálastjóra Orkuveitu Reykjavíkur, með leyfi forseta:

Samkvæmt samstæðureikningi fyrir árið 2007 voru vaxtabindandi langtímaskuldir 88 milljarðar, þar af voru 85,3 milljarðar í erlendum gjaldmiðli eða 97%. Hátt hlutfall erlendra lána í lánakörfu fyrirtækisins var ákveðið vegna þess mikla vaxtamunar sem verið hefur á undanfögnu milli íslensku krónunnar og þeirra erlendu gjaldmiðla sem lánakarfa Orkuveitunnar samanstendur af.

Og svo segir hér síðar:

Í ársyfirliti 2007 um þróun erlendra lána og gengishreyfingu ársins frá Askar-Capital kemur fram, að vaxtamunur fyrirtækisins frá árinu 2002 til og með ársins 2007, vaxtamunur fyrirtækisins á þessu tímabili var 14,2 milljarðar. Það er vaxtamunurinn sem fyrirtækið nýtur vegna þess að það tók lán í erlendri mynt, en það hefði þurft að greiða þessa 14,2 milljarða á þessu tímabili til viðbótar ef að það hefði tekið lán í íslenskum krónum. Þess vegna töldu menn á þessum tíma sig ekki geta tekið lán í íslenskum krónum eða að það væri ekki hagkvæmt að gera það, en þau rök hljóta að vera enn þyngrri í dag, þar sem að þessi vaxtamunur hefur ekki gert neitt annað en að aukast. Auk þess sem að það hefði nú verið kjörið fyrir hrun og þetta var fyrir hrun þegar þessi umfjöllun fór fram að frumkvæði fulltrúa Samfylkingarinnar, að taka einmitt þá lán í íslenskum krónum sem væru þá ekki búin að bóligna út heldur en að vera að taka þau núna.

En í lok þessa minnisblaðs og ég ætla líka að fá að lesa það, með leyfi forseta, frá fjármálastjóra Orkuveitu Reykjavíkur kemur svo niðurstaðan og hún er svona:

Ef tekin yrði upp evra á Íslandi í stað íslensku krónunnar myndi sá óstöðugleiki sem fylgir krónunni hverfa. Gjaldeyrisáhætta hverfur aftur á móti ekki en minnkar þó sérstaklega mjög öfgakenndar sveiflur. Miklar og tíðar gengissveiflur eru

sérstaklega erfiðar fyrir félag sem er orðið þetta skuldsett, þar sem sveiflurnar hafa mikil áhrif á mikilvægar lykiltölur, þar með talið eiginfjárhlutfall.

En eins og menn þekkja, að þá hafa fulltrúar Samfylkingar lengi og árum saman talað fyrir umsókn að Evrópusambandinu og myntbandalagi Evrópu, ekki síst til að færa fyrirtækjum landsins þann efnahagslega stöðugleika sem fylgir stærra efnahags- og myntsvæði.

Síðan kemur nú fleira til sem varðar rekstur Orkuveitunnar á þessu kjörtímabili og kannski ekki síst í tíð þessa meirihluta sem nú situr, sem við fulltrúar Samfylkingar höfum ekki staðið að og ekki verið sammála. Og vil ég þá nefna 800 milljóna greiðslur sem samþykkt var að greiða verktökum umfram samninga snemma á þessu ári eftir hrunið. Þetta voru greiðslur sem við töldum að væru alltof háar ef að þær ættu að vera yfirhöfuð að verða einhverjar og raunar held ég að mér sé óhætt að rifja það upp, að það var meirihlutinn og þetta pólitísk ákvörðun, vegna þess að það var meirihlutinn í stjórninni sem keyrði þetta áfram, ekki starfsmenn eða forstjóri fyrirtækisins, og það var vísað til meirihlutans í Reykjavík, að þar hefði meirihlutinn gert slíka samninga og þess vegna yrði fyrirtækið að gera það líka, þrátt fyrir það að þessi mál, þeim var aðeins öðruvísi farið hjá Orkuveitunni á sínum tíma heldur en hjá Reykjavíkurborg. Þessir samningar voru gerðir á öðrum tímum og raunin varð sú að verktakar fengu alla verðbólgu bættu og meira að segja umfram þá verðbólgu sem var á þeim tíma þegar þeir gerðu tilboðin. Og það var allt saman bætt upp í topp, þó svo að menn hafi vitað að þegar þeir gerðu tilboðin að þau væru óverðbætt, og menn hafa væntanlega gert ráð fyrir því í sinni tilboðsgerð. Þannig var þessu tjóni ekki skipt heldur tók Orkuveitan þetta allt á sig og þarna lágu 800 milljónir í valnum, sem væri nú kannski ágætt núna að fá í arðgreiðslur.

Magna-málið er annað og ég ætla nú svo sem ekki að tefja fundinn mjög lengi á mjög langri umræðu um það. En ég tel alveg ljóst að tap, á viðskiptum með bréf í HS-Orku, Orkuveitunnar er að lágmarki 5 milljarðar og að öllum líkindum verður það tap töluvert meira þegar upp verður staðið, en það er nú bara svona það lágmarkstap sem að hægt er að reikna miðað við krónur inn og krónur út. Og þeir samningar og það skuldabréf sem að Orkuveitan tók við af Magna var nokkuð sem að við vorum verulega ósátt við á sínum tíma, en höfum nú lagt til í stjórn

Orkuveitunnar, úr því sem komið er og úr því að gengið var að þessu tilboði, að þá verði þetta skuldabréf selt. Þetta skuldabréf er upp á 8,4 milljarð. Ágæti þessa skuldabréfs hefur verið mjög tíundað af meirihlutanum og raunar fjármálaskrifstofu Orkuveitunnar og því hlýtur þetta skuldabréf að vera söluvara eins og bara þau skuldabréf sem að Orkuveitan gefur út og væri því ráð að selja það frekar heldur en að skuldsetja fyrirtækið enn frekar, því að þessi skaði er hvort eð er skeður.

Nú svo komum við að því nýjasta og það er þessari kröfu um arðgreiðslur upp á 2 milljarða af taprekstri Orkuveitunnar. Ég get ekki séð öðruvísi en að verði af þessum arðgreiðslum að þá sé í raun verið að taka lán fyrir þeim, því að þetta er ekki tekið af rekstri félagsins. Félagið þarf lán til að standa undir rekstrinum og framkvæmdum og því væri verið að taka lán til arðgreiðslna, og lán sem þá þarf að borga af rekstri fyrirtækisins og setur því eðli málsins samkvæmt pressu á gjaldskrár fyrirtækisins. Og verði því af þessum arðgreiðslum sem eru þrefaldar arðgreiðslur frá þeim arðgreiðslum sem samþykktar voru í fyrra, eins og borgarstjóri hefur óskað eftir, verði af þeim, að þá get ég ekki séð annað en að þetta sé dulin skattheimta. Dulin skattheimta sem mun á endanum skila sér inn í orkuverð til neytenda. En Orkuveitan mun þurfa að fjármagna öll þessi ósköp, því gert er gert og borðað það sem borðað er, eins og þar segir. En við fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarstjórn getum ekki samþykkt þessar óhagkvæmu lánveitingar. Við teljum að meirihlutinn verði að bera ábyrgð á þeim, alveg eins og hann bar ábyrgð og ber ábyrgð á þeim ákvörðunum sem kalla á þessar lánveitingar.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Tveir hafa óskað eftir að veita andsvar. Fyrst veitir andsvar borgarfulltrúi Guðlaugur Sverrisson og síðan hæstvirtur borgarstjóri.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Guðlaugur Sverrisson: Háttvirtur forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég get alveg tekið undir það að tímarnir eru erfiðir núna á Íslandi og Orkuveitan er ekkert eyland í því tilfelli. Og það sem lagt var upp með um áramótin 2008-2009 var það að fara í hóflegar framkvæmdir og þó halda uppi framkvæmdastigi við það að halda verkefninu gangandi uppi á Hellsheiði til þess að mæta óskum þáverandi ríkisstjórnar um Helguvíkurverkefnið. Sú ríkisstjórn féll skömmu síðar og ný tók við. Það hefur aldrei verið hætt við Helguvíkurverkefnið eins og við vitum og það er ennþá á borðum, þannig að við reynum að fylgja því eftir. En þegar að við tókum þessar ákvarðanir þá voru skýrslur Seðlabankans þannig, að gengisvísitala ætti að lækka í 170, þetta er um áramótin, þetta er áætlun sem Orkuveitan gengur út frá þá. Þetta eru upplýsingar frá þáverandi viðurkenndum stjórnvöldum um þróun gengismála.

Nú vitum við það öll að gengið mun verða 235, eins og staðan er núna og gengisvísitalan. Þannig að þetta er gífurlegur munur, þetta er erfitt við að eiga. Og það að gera áætlanir inn í þetta umhverfi er bara það sem að við erum að glíma við og öll fyrirtæki í landinu. Það er mikil óvissa. Hverjum er um að kenna, ég veit það ekki, ég ætla ekki að dæma það neitt sérstaklega. En allavega er staðan slík, að við í Orkuveitunni erum að reyna að slást í þessu umhverfi, við það að halda úti framkvæmdum sem nú þegar halda um 2 þúsund mönnum að vinnu. Og 2 þúsund aðila að vinnu er mjög gott í þessu ástandi. Við erum að fara að framkvæma í Helguvík fyrir hátt í 30 milljarða og öll sú orka er seld. Þetta er selt, þetta er klárt. Hins vegar er Hverahlíðavirkjun hún er í óvissu, algjörri óvissu og mun verða það áfram þangað til einhver samningur verður um raforkusölu um það rafmagn sem þaðan kemur. Þannig að sú lántaka sem við erum að fara fram á hér er til þess að viðhalda þeim samningum sem við höfum þegar gert og er líka það svar sem kemur inn í mjög erfiða stöðu.

Forseti: Borgarfulltrúi Guðlaugur Sverrisson hefur veitt andsvar. Þá tekur til máls háttvirtur borgarstjóri.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég held að það hafi verið á ferðinni hér einhver misskilningur. Ég held að forseti hafi talið að væri verið að biðja um andsvör þegar að var verið að biðja um að taka til máls, en það segi ég nú bara vegna þess að, að ég held að ræðumaðurinn sem var hér á undan mér hafi ekki verið búinn að ljúka sínu máli.

Óháð því þá vildi ég örstutt nefna það sem borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir nefndi, vegna þess að það virðist vera svo og er svo sérkennilegt og kannski eru allir sekir um það hér í þessum sal, að það virðist ekki vera sömu rökin þegar að menn eru í minnihluta og meirihluta. Ég er hér með mörg minnisblöð frá þáverandi borgarlögmanni til þáverandi borgarstjóra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem tók mikinn slag meðal annars við Hafnfirðinga út af afganginu. Þá héldu Reykvíkingar því mjög fast fram, borgarstjóri gerði það þáverandi, með fulltingi borgarlögmanns og annarra, að þetta væri sannanlega ekki skatt heimta. Þetta væri gjald sem Reykvíkingar ættu að fá og af því skyldi ekki gefinn afsláttur. En nú þegar að menn eru komnir minnihlutamegin þá allt í einu taka menn upp rökin og segja – nei það ekki alveg rétt með þetta afgang, kannski er þetta bara einhver dulbúin skattheimta. Og ég undrast það aðeins, að menn séu einhvern veginn á sitthvorum staðnum og ég man aldrei til þess að það hafi verið ágreiningur um það að sjálfstæðismenn hafi talað um það, að það væru tillögur borgarstjóra um dulbúna skattheimtu á fyrirtækið, þegar að það var í tíð fyrri meirihluta.

Þannig að mér finnst allt í einu dálítið skrytið að Borgarstjórn Reykjavíkur sé farin að takast á um svo sjálfsagðan hlut, og borgarfulltrúinn getur sannanlega fengið öll þessi lögfræðiálit sem voru unnin á þeim tíma, þessi sjálfsagða krafa eigandans um afgang, svo segir borgarfulltrúinn þetta er þrisvar sinnum hærra en í fyrra. Fasta afgangið er í kringum 16 hundruð miljónir, í fyrra var gefinn ákveðinn afsláttur af því. Og svo af því að borgarfulltrúinn nefnir það sjálfviljug að vekja athygli á þessari skattheimtu, ég er auðvitað með gögn hér frá Orkuveitunni sem þau telja að þau geti mætt þessari afgangskröfu með ákveðnum hætti, auk þess sem ábyrgðargjaldi eykst, án þess að fara í nokkrar lántökur eða fara í hækkanir á

gjöldum. Og þá vekur það auðvitað furðu að fulltrúi þessa flokks, sem er Samfylkingin, skuli vera að ræða um umhverfiskatta á sama fyrirtækið og borgarfulltrúinn er að tala hér um.

Orkuveitan hefur reiknað það út hvað þessar ákvarðanir ríkisvaldsins gætu haft á fyrirtækið og það er ekki dulbúin skattheimta, það er bara skattheimta, það er ekkert verið setja þar inn neitt anna gjald. En allt í einu er það allt í lagi hjá Sigrúnu Elsu Smáradóttur að ríkisvaldið, Reykvíkingar sem eiga fyrirtækið mega ekki taka sjálfsagt og eðlilegt afgang, en ríkisstjórnin má koma og taka skatt af fyrirtækinu sem getur numið frá 798 milljónum á ársgrundvelli upp í 6 milljarða rúma. Þetta er allt í lagi af því að það er ríkisvaldið, sem bara kemur og tekur skatt af fyrirtækinu, ekkert dulbúið, vegna þess að ríkisvaldið á enga heimtingu á neinu afgangi frá þessu fyrirtæki. En þá er það allt í lagi, þá hefur hún engar áhyggjur af því. Og hún þarf að útskýra það, borgarfulltrúinn sem tilheyrir Samfylkingunni, hvernig í ósköpunum fyrirtækið á að mæta þessari kröfu sem að vísu liggur ekki fyrir, en getur miðað við yfirlýsingar, og við skulum trúa því að yfirlýsingar ríkisvaldsins um það að það eigi að taka, sem stendur í fjárlagafrumvarpinu um það að það yrði ein króna, við skulum trúa því að það verði aldrei.

Menn hafa sagt að það yrði alltof há tala og yrði aldrei. Það hefði orðið 6,6 milljarðar fyrir fyrirtækið Orkuveitu Reykjavíkur. Fari menn í 30 aura á kílóvattstund eru það 2 milljarðar, og fari menn í 12 aura á kílóvattstund eru það 798 milljónir. Og þetta eru útreikningar frá Orkuveitunni, þetta er engin dulbúin skattheimta, þetta er bara skattheimta og fyrir nú utan aðra fyrirtækjaskatta sem á að leggja á fyrirtækin í landinu. En borgarfulltrúanum og fulltrúum Samfylkingarinnar, og þá verð ég bara að segja eins og ég hef sagt hér áður, það er tekinn allur slagur í veröldinni fyrir ríkisvaldið. Ég hef ekki heyrt borgarfulltrúa mótmæla þessum aðgerðum gagnvart fyrirtækjunum í borginni, það er allt í lagi ef ríkisvaldið ætlar að taka það, en ef eigendur Orkuveitunnar sem eru Reykvíkingar ætla að taka afgang sem að Orkuveitan, og það er þá allt í einu orðin stefnubreyting, því það var sjálfsagt og eðlilegt mál þegar R-listinn var hér við völd og menn fóru langar leiðir í lögfræðilegum útskýringum á mikilvægi þess að kvika ekki frá þessu. Og svo þegar að menn eru að halda áfram á sömu leið – nei þá er það allt í einu alveg hrikalegt og menn þurfa að falla frá því. Þrátt fyrir að

stjórnendur fyrirtækisins séu búnir að færa rök fyrir því, að þetta sé inn í reikningum fyrirtækisins, það sé gert ráð fyrir ákveðnum tölum og þetta verði ekki vandamál. Sigrún Elsa Smáradóttir fulltrúi Samfylkingarinnar hér hefur miklar áhyggjur að því og kallar það kröfu borgarstjóra, þegar það er auðvitað krafa Reykvíkinga sem eiga fyrirtækið og eiga félagið.

Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi er búin að stilla sér upp við ræðustólinn, það er greinilega mikið í húfi, en gott og vel. En það bara vekur furðu að menn taki hér og borgarfulltrúar slag gegn þessu og kalli þetta kröfu borgarstjóra. Já, vegna þess að ég hef fyrir því mörg lögfræðialit, niðurstöður margra borgarstjóra, að frá þessu skuli ekki kvika og þá voru aldeilis borgarstjórar sem þetta fólk studdi hér. En allt í einu núna þegar að það er ekki lengur þeirra fólk, þá er allt í einu ósanngjarnt og dulbúin skattheimta að taka afgang. Við skulum vara okkur á því borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir, að fara að kalla þessa eðlilegu kröfu Reykjavíkur gagnvart sínum fyrirtækjum dulbúna skattheimtu. Hvað ætlar borgarfulltrúinn að gera þegar að hún er sjálf komin í meirihluta. Ætlar hún þá að segja að þetta sé skattheimta, dulbúin skattheimta og falla frá afganginu sem hingað til hefur verið talin eðlileg og sjálfsögð krafa.

Og það getur vel verið að borgarfulltrúinn hafi rétt fyrir sér í því og það er verið að vinna í því núna, að fara þurfi yfir þetta, sömu rök hefur Reykjavíkurborg áður notað í tíð R-listans til dæmis, þegar að ábyrgðargjaldi jókst af langtímalánum, þá sagði borgarstjórn Reykjavíkur, þáverandi borgarstjóri, það er eðlilegt að lækka afgangið vegna þess að við erum að fá aukið ábyrgðagjald. Og það getur vel verið að það sé eðlilegt að gera það núna vegna þeirrar löggjafar sem ég nefndi hér áðan sem mun taka gildi um áramót, það getur vel verið að það sé eðlilegt. En ég bið borgarfulltrúa um að fara ekki að tala um eðlilega kröfu Reykvíkinga gagnvart þessu stóra fyrirtæki sem dulbúna skattheimtu. Borgarbúar eiga þetta fyrirtæki og það er eðlilegt og sjálfsagt að þeir fái afgang af þeim rekstri og við verðum auðvitað að stilla því þannig að það komi bærillega út fyrir fyrirtækið, en líka bærillega út fyrir Reykjavíkurborg, vegna þess ef borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir er að leggja það til, að í staðin fyrir að taka afgang af Orkuveitu Reykjavíkur þá gangi menn til dæmis á lausafjárstöðu borgarinnar. Segjum að við ákveðum að gera það, við ákveðum að ganga á lausafjárstöðu borgarinnar, sem

væri hægt, hvað þýðir það fyrir Reykjavík og hvað þýðir það fyrir Orkuveituna? Það veikir líka stöðu Orkuveitunnar, ef að lausafjárstaða borgarinnar er ekki jafnstærk og hún er. Þannig að við erum öll háð hvort öðru í þessu og ég bara bið um það, að þrátt fyrir að menn séu hér í pólitískum hanaslag, ég skal ekki gera lítið úr mikilvægi þess, að menn fari ekki að ákveða það að eðlilegt afgang af Orkuveitu Reykjavíkur, að það sé orðin dulbúin skattheimta. Já, þá erum við aldeilis komin í framtíðar ógöngur ekki bara Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi í skemmtilegan slag hér í klukkutíma hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, heldur í vandræði sem eru vond fyrir Reykvíkinga til langs tíma.

Forseti: Háttvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá veitir andsvar við ræðu borgarstjóra borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég get verið sammála borgarstjóra um það að eðlilegt afgang, eðlilegar arðgreiðslur, þetta eru arðgreiðslur, að borgin eigi heimtingu á því og eigendur eigi heimtingu á því frá fyrirtækjum almennt séð. Í gegnum tíðina þá hefur þetta verið, það hefur verið miðað við nokkuð fasta upphæð sem kannski fylgt einhverri vísitölu eða hlutfalli af eignum félagsins og það hefur verið greitt, jafnvel þó að fyrirtækið skili neikvæðum niðurstöðum, en þá eru við náttúrulega að tala um allt aðra hluti heldur en að við erum að tala um núna. Fyrirtækið er núna að starfa við allt aðrar aðstæður en það hefur nokkurn tíma starfað við áður. Hverjum hefð órað fyrir því að Orkuveita Reykjavíkur væri komin með lánshæfismat í ruslflokki, ekki nokkrum manni. Það að krefja fyrirtæki í þessari stöðu um arðgreiðslur, gott og vel ef við höldum okkur við sömu arðgreiðslur og í fyrra, og segjum sem svo að menn teygji sig upp í það sem að hefur viðgengist þar á undan, en að fara í arðgreiðslur og krefja fyrirtæki um arðgreiðslur sem eru úr öllu samræmi við það sem áður hefur verið gert, það bara leyfi ég mér að kalla dulda skattheimtu. Vegna þess að það er alveg sama hvað Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir um það að þetta verði gert, að það sé hægt að finna leiðir til þess að töfra fram þessa tvo milljarða án þess að það verði lántökur fyrir því eða hækkuð gjöld, að ég bara kaupir þær röksemdafærslur ekki, vegna þess að við erum að taka lán og það segir sig bara sjálf og það er til samþykktar á þessum fundi. Við erum að taka lán til þess að standa undir rekstri fyrirtækisins, til þess að standa undir framkvæmdum og þessir 2 milljarðar, við þyrftum þá væntanlega ef að þeir færu í rekstur fyrirtækisins þessir 2 milljarðar sem Hanna Birna vill fá í borgarreksturinn, þá þyrftum við að taka af þessum 2 milljörðum lægra lán. Þannig lítur þetta út og það er ekki hægt einhvern veginn að snú sér frá því.

En varðandi það sem að Hanna Birna kom hér líka inná, þó að henni hafi nú verið tíðrætt um þessa duldu skattheimtu sem hún stendur fyrir, ég held að hún hafi nefnt hana tíu sinnum eða eitthvað hérna í ræðustólum, að þá minntist hún líka á skatta sem ríkið er að leggja á. Þeir skattar eru ekki útfærðir ennþá. Ég hef líka séð þessa reikninga hjá Orkuveitunni og þeir eru bara byggðir á getgátum og raunar

Bstj. 17. nóvember 2009

hefur þegar verið tilkynnt að um ákveðinn misskilning hafi verið að ræða, að menn hafi ekki ætlað og ætla ekki að fara eins hart fram og skilja hefði mátt á þeim plöggum sem fyrir lágu. En þessi útfærsla liggur ekki fyrir og það er heldur ekki víst að hún muni bitna eða koma til greiðslu hjá Orkuveitu Reykjavíkur eins og ég skil þetta, þá er miklu frekar verið að horfa á viðskiptavini Orkuveitu Reykjavíkur í þessu sambandi.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að veita andsvar við ræðu borgarstjóra. Og þá hefur borgarstjóri óskað eftir að svara andsvari.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Hæstvirtur forseti, borgarfulltrúar. Ég veit nú ekki hvort að mér er mikið létt með því, að það er auðvitað búið að ramma þetta hér niður í ákveðna flokka, það er ekki þannig eins og þeir skilja það, það er ekki verið að hugsa um skatta á Orkuveitu Reykjavíkur heldur viðskiptavinum. Viðskiptavinir eru að stærstum hluta íbúar, þannig ekki finnst mér það nú hljóma betur ef að það er einhvern veginn eitthvað sem á að fara beint út og hækka verðskrá. En það er reyndar það sem að Orkuveitan telur að geti gerst vegna þessara skatta. En ég er samt mjög fegin og ég virði það mjög við Sigrúnu Elsu, að stilla þessu upp eins og hún gerði núna og eins og hún stillti þessu upp í fyrri ræðu. Ég held allavega eins og hún nefnir það núna, að við eigum ekki og við verðum að vera sammála um það, við getum alveg, eins og Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi bendir á, tekist á um töluna. En við megum ekki segja að afgjald, því að í hluta af þessum lögfræðilegu pappírnum sem eru hér benda borgarlögmaður og fleiri á það að það sé eðlilegra orð, við séum í raun og veru ekki að taka hluta af arði, þá væri það prósentu eða önnur tala. En það skiptir ekki öllu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við séum sammála um það, að taka þetta afgjald, gefa ekki afslátt, af því að við eigum rétt á því og svo getum við talað um upphæðina. Ég sagði heldur ekki og það kemur hvergi fram í neinum gögnum, eins og borgarfulltrúinn ítrekað segir, er það krafa borgarstjórnans að gera þetta.

Ég skrifaði bréf til stjórnenda í Orkuveitunni og fleiri fyrirtækjum, þar sem ég óskaði eftir því að menn og konur sem sitja þar í stjórnnum mundu rýna það, að þetta afgjald myndi aukast. Við höfum síðan auðvitað sest niður með öllum þessum fyrirtækjum sem öll ráða við þetta og Orkuveitan telur sig geta uppfyllt það að hluta, en hefur ekki fært heim sanninn um það að hún nái því öllu. Það er auðvitað eitthvað sem við skoðum. Og eins og ég nefndi áðan, að þá eru til rök fyrir því úr sögu borgarinnar og samskiptum Orkuveitunnar, að það sé tekið mið af auknu ábyrgðargjaldi og það sé þannig sýndur skilningur á því að lækka afgjaldið. Það er bara eitthvað sem við ræðum. Það var ekki krafa af minni hálfu heldur var það beiðni og ósk til stjórnarmanna og kvenna að þau myndu skoða

möguleikana á því, svo svara fyrirtækin og auðvitað metum við það í borgarráði hvort við tökum þeim rökum og hvernig við vinnum með það. En ég er sannfærð um það og get fullvissað Sigrúnu Elsu Smáradóttur borgarfulltrúa um það, að það er gott samstarf á milli borgarinnar, annarra eigenda og Orkuveitunnar um að leysa þetta og við munum leysa þetta vel og við munum leysa þetta þannig að fyrirtæki geti lifað með það, en líka þannig að borgin geti lifað við þetta.

Forseti: Háttvirtur borgarstjóri hefur svarað andsvari. Þá veitir andsvar við ræðu borgarstjóra borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég er ekki á móti því að borgin taki arð út úr fyrirtækjum sínu, langt því frá. Við ræddum það úti í Helsinki einmitt og reyndar í Osló líka, að þessi fyrirtæki, orkufyrirtækin stóru hafa verið notuð eins og svona ventill, þar sem að gengið er þar inn þegar illa gengur í borgarsamfélaginu og tekið meira út. Hins vegar er það þannig, að þessi bæði orkufyrirtæki, orkufyrirtækið í Osló og orkufyrirtækið í Helsinki eru mjög vel stæð fyrirtæki, það ég best veit, en það er ekki staðan því miður með Orkuveitu Reykjavíkur í dag. Ég held að við verðum að sko, það þarf að vera einhver skynsemi í þessari umræðu. Er það gáfulegt að fara fram á verulega mikinn arð frá Orkuveitu Reykjavíkur ef það er séð að Orkuveitan þarf að fjármagna það með því sem hún er að gera núna – yfirdráttarlánnum. Það eru 5,5 milljarðar núna á yfirdráttum og skammtímalánnum með mjög háum vöxtum eða með skuldabréfaútbóði og 4,65% vöxtum, þegar að borginni býðst hugsanlega 4,3% vextir. Þetta er spurningin sem menn þurfa að velta fyrir sér, bara hvað er hagstætt. Af því að þegar að upp er staðið, þá eru þetta peningar úr sama vasa í raun og veru, og hvoru megin er hagstæðara að taka hann.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari háttvirtur borgarstjóri.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég tek undir með borgarfulltrúanum. Ég tel að við eigum auðvitað að rýna það og nú skoðum við, eins og ég sagði áðan, hvernig nákvæmlega Orkuveitan leggur til að við vinnum með þetta og hvort að við getum fellt okkur við það. Það er auðvitað ekki skynsemi í því eins og borgarfulltrúinn bendir á, að menn fari út í stórar lántökur vegna þess. Við þurfum auðvitað að hugsa þetta allt í samhengi. Með sama hætti þurfum við líka að hugsa það, því ég held að við eigum nokkra samleið í þessu, að ég held að á sama tíma verðum við auðvitað að hugsa eins og ég benti á áðan og það gengur heldur ekki, Orkuveitan hefur gert ráð fyrir ákveðnum afgangsum eða arðgreiðslum inni í sínum reikningum og svo veltum við fyrir okkur hvernig ábyrgðargjaldið kemur heim og saman við þetta og styðjumst þá við það sem áður hefur verið gert á vettvangi borgarinnar. En það er heldur ekki skynsemi í því að borgin taki aukna áhættu í eigin lántökum, vegna þess að við erum líka í ábyrgð fyrir lánið, þannig að þetta þarf að hanga allt saman. Þannig að ég tek undir það algjörlega með borgarfulltrúanum að við þurfum auðvitað að rýna þær tillögur sem við fáum frá stjórnendum og stjórn í framhaldi af þessum afgangsumræðum öllum saman. Og ég er, eins og ég sagði áðan og ítreka, sannfærð um það að við finnum góða lausn. En ég ítreka það bara að við setjum ekki þann svip á þessa afgangsumræðu, að við séum til framtíðar að afsala okkur slíkum afgangsum án þess að það sé skilgreint sem dulbúin skattheimta. Reykvíkingar eiga fyrirtækið og eiga rétt á þessu afgangsum og þannig verðum við að vinna málið áfram.

Forseti: Borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir langar og góðar ræður hér og auðsýndan áhuga á þessu máli sem alltaf hefur verið mér mjög hjartfólgið sem er virkjana-, orku- og umhverfismálin. Að þar sé staðið vel að verki með nútímalegum, lýðræðislegum og framsýnum hætti. Ekki eins og gert var við Kárahnjúka 20. desember 2001, þegar þáverandi umhverfisráðherra Sif Friðleifsdóttir einfaldlega nam úr gildi faglegan úrskurð skipulagsstjóra um að Kárahnjúkavirkjun væri ótæk vegna umhverfisspjalla sem af henni hlytust. Og það er löngu komið á daginn, að það var réttilega að verki staðið hjá Skipulagsstofnun og Sif Friðleifsdóttir samdi þann dag af sér og stóð ekki við fyrri orð sín sem hún hafði áður haft í stjórnámálum meðal annars þau frægu orð sem voru eitt af baráttuorðum okkar umhverfissinna í Eyjabakkastríðinu 1999 „Náttúran njóti vafans“. Þetta er upphaflega úr orðaforða Sifjar nokkurrar Friðleifsdóttur fyrrum umhverfisráðherra. Og þá komum við líka að því að á þessum tíma og um þetta leyti hafði ég flutt hvað eftir annað tillögu hér í borgarstjórn um Kárahnjúkavirkjun, gegn fyrirætlunum um að borgin tæki þátt í þeim óskapnaði og þeirri óarðbæru og ósjálfbæru óráðsínu framkvæmd, svo að ég noti rétt orðalag, Kárahnjúkavirkjun hlaut alltaf að vera og er þegar orðið að borga með viðbjóðnum þarna fyrir austan svo við höfum það alveg á hreinu.

Og þess vegna er mjög ánægjulegt að sjá að á sama hátt og oftast þegar rætt var um Kárahnjúkavirkjun hér í borgarstjórn á sínum tíma, þá tóku borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins einfaldlega ekki þátt í umræðunni um svo lítið málefni sem Kárahnjúkavirkjun var og þátttaka borgarinnar í því. Ég held að það hafi samt stafað að hluta til, að ég hef ekki vitað til þess að mjög margir borgarfulltrúar hafi kynnt sér ítarlega þessi mál nema Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem alltaf hefur verið viðræðuhæfur, líka meðan að ég var í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins um þessi mál. Það er líklega sjaldan komið að tónum kofanum hjá mínum gamla félagu hér, sem er hokinn af reynslu í borgarmálum. Og eins og ég segi, þess vegna er ennþá ánægjulegra að hér séu fluttar langar og góðar ræður um þessi mál. Að vísu voru fluttar margar langar ræður um Orkuveituna hér þegar harður slagur stóð á milli þeirra félaga Guðlaugs Þórs

Þórðarsonar og Alfreðs Þorsteinssonar hér í söllum borgarstjórnar, en það var yfirleitt að sama ræðan var flutt aftur og aftur, aftur og aftur og sjaldan málefnalegt og fjallað kannski síst af öllu um framtíðarsýn og náttúruvernd og orkunýtingu, heldur um deilur um rekstur Orkuveitunnar.

Ég vil líka áður en ég kem að kjarna málsins hér í dag, hvernig við ætlum að snúa okkur að þessari tillögu rifja það upp, að þegar hér var í fyrsta sinn flutt tillaga gegn virkjanaáformum í Borgarstjórn Reykjavíkur, það er að segja að þegar sá sem hér talar flutti 7. október 1999 tillögu um að Reykjavíkurborg legðist gegn fyrirætlunum um stíflu við Eyjabakka og eyðileggingu náttúruverlu á stærð við Mývatn fyrir aðeins 200 gígavattsstundir af raforku, sem er 4% af núverandi Kárahnjúkavirkjun. Þá var málinu vísað frá á þeirri forsendu að þetta kæmi Borgarstjórn Reykjavíkur ekkert við, þó að við ættum 40% í Landsvirkjun. Þannig var nú gállinn á Borgarstjórn Reykjavíkur fyrir 10 árum. Við vorum þá og erum enn eins og Íslendingar eru yfirleitt í umhverfis-, orku- og umhverfismálum í raun áratugum á eftir samtíðinni og skilning á gildi náttúruverndar og framsýnni hugsun sem nær lengra en 2-3 ár fram í tímann í virkjunar- og orkumálum.

En sú tillaga sem hér liggur fyrir er um það að taka lán, að sagt er og það hefur fjármálastjóri bent mér á, ég tek alltaf mikið mark á orðum hans og fór yfirleitt mjög eftir hans ráðleggingum meðan að ég var borgarstjóri, að þessar lántökur séu að verulegu leyti til þess að borga skammtímaskuldir og lengja lán. En það kemur jafnframt fram í minnisblaði hans, að það er ætlun borgaryfirvalda að halda síðan áfram með Hverahlíð og Helligheiði, og við vitum alltaf að draumurinn um Bitru er einn af trúlofunarhringum Óskars Bergssonar og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þegar þau fóru hér á bak við hurðir í Ráðhúsinu og mynduðu meirihluta. Draumurinn um Bitru sem er líklega sú vitlausasta framkvæmd sem hægt er að hugsa, en hún blundar ennþá í hugskoti þeirra borgarfulltrúa sem hér eru – svona að minnsta kosti 30-40 árum á eftir í umhverfismálum og hefði sómað sér vel í landi hér töluvert austar í þeim málaflokki hjá manni sem var mjög dáður af vinstri mönnum á Íslandi á sínum tíma, þarf ekki að nefna nafnið, mesti stóriðjusinni allra tíma. En ég ætla leggja einfaldlega til að fá alveg skýrar línur í minn málflutning hér og flytja kannski ekki eins geysilega upplýsingaríka og langa ræðu og margir hafa gert hér á undan mér. Einfaldlega leggja fram

svohljóðandi bókun þar sem ég skýri mín sjónarmið og mína afstöðu sem er eins og fyrri daginn alveg skýr í þessu máli, ekki loðin, eins og hún er svo oft hjá ýmsum flokkum í borgarstjórn og bókunin hljóðar þannig, með leyfi forseta:

Ég vísa til bókunar minnar í borgarráði frá 12. nóvember sl. þar sem segir:

Ég mótmæli harðlega fyrirætlunum um lántöku til ósjálfbærra og óarðbærra orkuframkvæmda og orkusölu á undirverði hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Það lýsir fullkomnu ábyrgðarleysi af hálfu meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í borginni að ætla að skuldsetja Orkuveitu Reykjavíkur svo rækilega að komandi kynslóðir þurfi að bera skuldabaggann um langan aldur.

Samkvæmt minnisblaði fjármálastjóra er núverandi lántöku fyrst og fremst ætlað að breyta skammtímaskuldum í langtímaskuldir, en fyrirætlun borgaryfirvalda er sú, að halda áfram lántökum til að fjármagna Hellsheiðar- og Hverahlíðavirkjanir að ekki sé talað um enn frekari óráðsú framkvæmdir á kostnað almannahagsmuna og náttúruverndar. Ég ber ekki minnsta traust til núverandi meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í Reykjavík. Ég treysti þeim meirihluta ekki einu sinni til að verja þeim lánnum sem nú á að taka til þess sem þau eru sögð vera ætluð, heldur í áframhaldandi óarðbærar og ósjálfbærar óráðsú framkvæmdir með tilheyrandi hætti og þurrð hitavatnsauðlindarinnar sem umleikur höfuðborgarsvæðið. Þar sem ekkert er að marka orð og fyrirheit núverandi meirihluta í Reykjavík greiði ég atkvæði gegn frekari lántökum á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Það gæti einfaldlega sett þetta dýrmæta fyrirtæki borgarbúa á höfuðið og greitt fyrir fyrirætlunum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um að koma hitavatnsauðlindinni sem og öðrum auðlindum almenning í hendur einkaaðila.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og kynnt bókun. Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Það er ekki mjög miklu við þessa umræðu að bæta. Þó vil ég aðeins hnykkja á því sem að hér kom fram einkum í orðaskiptum borgarfulltrúa Sigrúnar Elsu Smáradóttur og borgarstjóra, að það verður auðvitað aðeins að ryðja völlinn og fá stöðu þessa fyrirtækis nokkuð skýrt fram í þessari umræðu. Mér sýnist 6 mánaðauppgjorið sem hér er lagt fram í minnisblaði votta um það, að eiginfjárlutfallið er komið niður í 14%, gengið hefur ekki hækkað síðan. Hvað mun eiginfjárlutfallið fara mikið niður eftir þetta og hvað þolir það að fara mikið niður yfirleitt. Þessu þarf að svara býsna skýrt af hálfu háttvirst borgarstjóra, ef að borgarstjóri ætlar að halda sig við þá línu sem hún gaf hér, að fyrirtækinu væri engin vorkunn að því að reiða fram arðgreiðslur upp á 2 milljarða. Vegna þess að það eru ekkert óskaplega margir staðir í rekstri jafnvel svona stórs fyrirtækis, sem að hægt er að sækja í þegar að um svona háa fjárhæð er að ræða. Á að taka þetta úr rekstrinum og þá er rétt að muna það, að heildarlaunagreiðslur Orkuveitu Reykjavíkur eru ef ég man rétt eitthvað rétt rúmir 4 milljarðar kannski 4,5 milljarðar. Sem sagt heildarlaunagreiðslurnar eru á 5. milljarð, arðgreiðsluóskin er yfir 2 milljarðar. Í hvað er verið að nota laust og handbært fé, það er verið að nota það í framkvæmdir. Þannig að ef það á ekki að taka þessar arðgreiðslur að láni, því sannanlega eru þær ekki að koma inn í formi arðs, að þá verður annaðhvort að fara í rekstrarkostnaðinn nú eða þá framkvæmdirnar. Og ég held að það sé rétt að fá það hér skýrt. Vegna þess að síðast þegar við áttum í orðaskiptum, að þá mátti skilja háttvirtan borgarstjóra þannig, að fyrirtækinu væri ekki gustuk að taka þetta af launum starfsfólks, sem væri þá ca. 50% launaskerðing og er auðvitað algjörlega óraunhæft og ekki hægt að bera það hér á borð.

Og bara rétt til þess að halda því til haga vegna margendurtekningar borgarstjóra, að þá hafa fulltrúar Samfylkingarinnar hvergi haldið því fram að það sé eitthvað í prinsippinu á móti því að fyrirtæki í eigu borgarinnar greiði eðlilegan arð. En arðgreiðslur við núverandi skilyrði vekja alveg sérstakar spurningar. Ekki bara hjá lánadrottnum heldur líka hjá okkur fulltrúum eigenda fyrirtækisins sem ber auðvitað að standa vörð um rekstarargrundvöll þess. Og borgarfulltrúinn Sigrún

Elsa Smáradóttir rakti það raunar hér býsna vel hvernig fulltrúar Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafa gert fyrirvara vegna eiginfjárstöðu og heildarupphæðar skuldbindinga fyrirtækisins allt frá vorinu 2006. Og menn kímdu nú reyndar bara í barminn glottu svolítið og jafnvel hlógu yfir þessu sem núna er auðvitað fullkomin ábyrgð í umgengni við þetta mikilvæga fyrirtæki. Og það er rétt sem hér kom fram að fulltrúi Samfylkingar í stjórninni velti því líka upp um mitt ár 2007, hvort tímabært væri að skoða leiðir til fjármögnunar hjá fyrirtækinu sem mundi ekki leiða til beinnar ábyrgðar eigenda.

En stóra spurningin sem nú er uppi gagnvart fjárhag Orkuveitunnar, og það er mikilvægt að blanda því ekki saman, eru ekki skattar ríkisstjórnar annars vegar og arðgreiðslurnar hins vegar, heldur verður að halda því til haga, að arðgreiðslurnar að þær eiga að koma úr sjóðum fyrirtækisins, þær eiga að koma úr sjóðum fyrirtækisins eða hvað. En ég hef engan mann heyrt tala um það að orkufyrirtækin eigi að fara að borga aðra skatta en önnur fyrirtæki í tengslum við umræðuna um orku- og auðlindagjald, ekki frekar en olúfélögin borgi bensínskatta í auknu mæli þegar að bensínskattar eru hækkaðir. Og stóru fjárhæðirnar í umræðunum um orku- og auðlindaskatta eru auðvitað hjá stóriðjunni. Og líkt og borgarstjóri vildi brýna okkur á að halda prinsippunum til haga í umræðunni, þá vil ég biðja borgarstjóra ekkert síður um að halda prinsippunum til haga og þeirri aðgreiningu sem þarna er eðlilegt að gera.

Og það verður einfaldlega bara að horfast í augu við það, sama hvaða prinsippafstöðu maður hefur til þess að eðlilegar arðgreiðslur séu eðlilegar í eðlilegu árferði, að þá geta komið þeir tímar og sú staða í fjárhagsmálum fyrirtækisins að þær séu óverjandi eða illverjandi eða að það þurfi að takmarka þær. Og það er um þá umræðu sem við erum að biðja hér, það var sú umræða sem var tekin í tengslum við síðustu fjárhagsáætlunargerð, þegar ákveðið var að lækka arðgreiðslur Orkuveitunnar um helming fyrir þetta ár og ég held að ég hafi haft um það um það bil þessi orð hér úr ræðustól borgarstjórnar, að það væri útaf fyrir sig hættulegt fordæmi að fara að hringla í arðgreiðslum orkufyrirtækisins til eigenda sinna vegna þess að í mínum huga væri eðlilegt að hugsa arðgreiðslur orkufyrirtækja sem jafnaðargreiðslur til mjög langs tíma, en að ég féllist á það vegna þessarar sérstöku aðstæðna sem sett hefur sérstakan þrýsting á fjárhag

fyrirtækisins, það væri eðlilegt að draga þarna úr. Það væri hægt að rökstyðja það og verja. En að breyttu breytanda þá kallar það alveg á sérstök svör.

Að þegar Orkuveitan horfir fram á eitthvert þyngsta árið í rekstri sínum, hugsanlega er þetta ár sem yfirstendur jafnþungt, vegna þess að við vonum jú að í tengslum við aðildarumsókn að Evrópusambandinu, endalok Icesave og það að kreppan er vonandi á undanhaldi í umheiminum, að losist um lánsfjármarkaði, að þá finnst mér borgarstjóri og borgarstjórnarmeirihlutinn umgangast þá spurningu, hvort að sé hægt að taka yfir 2 milljarða sí svona út úr fjárhag Orkuveitunnar eins og eitthvað léttvægt mál sem hægt er að gera bara hér í einhverjum pólitískum skylmingum úr ræðustól. Ég er ekki vissum að svo sé. Ég er ekki viss um að til dæmis lánveitendur Orkuveitunnar sem við erum núna að fara að ræða við vegna fyrirhugaðrar uppskiptingar á fyrirtækinu, sem okkur er skyld samkvæmt lögum hafi sagt sitt síðasta um það. Vegna þess að þetta vekur auðvitað spurningar um það hvernig meirihlutinn og borgarstjórn ætlar að umgangast fyrirtæki sem lang-, langstærsti eigandi þess.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Mér finnst aðeins eins og Dagur B. Eggertsson hafi ekki alveg hlustað á umræðu borgarfulltrúa og ég ætla þá bara að fara aftur með þetta, vegna þess að ég gerði það nokkuð ítarlega hér áðan. Skilaboð okkar varðandi afganginn eru þessi: Við viljum ekki breyta því sem verið hefur í gangi hér í mörg ár og áratugi, að afgangur skuli koma frá umræddu fyrirtæki. Það er þannig og þetta var ég búin að segja nokkuð oft. Krafan sem borgarfulltrúar Samfylkingarinnar kalla alltaf kröfu borgarstjóra um aukningu á afgangi var send og ég var búin að segja þetta líka áður borgarfulltrúi og ég skal endurtaka það, var send stjórnarmönnum til skoðunar. Nú er í ferli eins og ég sagði áðan, af því að borgarfulltrúinn sagði orðrétt; „að það væri alveg makalaust að ég virtist ekki ætla hvika frá þeirri afstöðu minni að krefja Orkuveituna um þetta afgang“. Það er rétt, borgarfulltrúinn sagði það og hann hristir hausinn, ég skrifaði það eftir honum hér, við skulum bara fara yfir það. Ég sagði hér í ræðu minni áðan, að ég hefði sent þessa beiðni til stjórnarmanna og falið þeim að fara yfir það. Nú er sú vinna í gangi og ég sagði líka að ég vænti tillögu frá stjórn og stjórnendum Orkuveitu Reykjavíkur um það með hvaða hætti þau teldu sig geta mætt þessu án þess að það myndi valda vandræðum fyrir fyrirtækið.

Það getur vel verið borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson – inni í áætlunum fyrirtækisins eru afgangur upp á ákveðna tölu. Það getur vel verið að stjórn Orkuveitunnar færi fyrir því og stjórnendur fullgild rök að afgangið að þessu sinni verði lægra heldur en það hefur verið og þá tökum við það til skoðunar og meðferðar. Og ég sagði líka, af því að borgarfulltrúinn sagði að við værum ekki að taka á þessu með ábyrgum hætti, ég sagði líka, að miðað við umræðurnar sem ég hef átt við stjórnendur Orkuveitunnar og fjármálastjóri hefur einnig átt þau samtöl, þá sýndist mér að þetta myndi leysast farsælega, bæði fyrir fyrirtækið og Reykjavíkurborg. Þannig að við höfum þetta alveg á hreinu. Síðan þegar borgarfulltrúinn líka fullyrðir og það er alltaf svo makalaust hvernig menn einhvern veginn túlka þetta, hann sagði líka borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson að ég hefði sagt, ég man ekki nákvæmlega hvernig hann orðaði það, að þetta gæti

nú ekki verið fyrirtækinu erfitt eða væri nú engin vandræði í þessu fólgin fyrir fyrirtækið eða hvernig sem hann orðaði það og ég hefði jafnvel sagt það segir hann, að menn gætu bara tekið þetta af launum.

Ég hef aldrei nokkurn tíma sagt það. Það sem ég sagði var þetta, segir Sigrún Elsa borgarfulltrúi jú, ég sagði það aldrei, það sem ég hef sagt úr þessum stóli er þetta; „við gerum og fundum út þessa afgjaldsgreiðslu með sömu hagræðingarkröfu á rekstur Orkuveitu Reykjavíkur og önnur hörð svið borgarinnar. Og já borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, ég tel að Orkuveitan geti þrátt fyrir erfiða lánastöðu haldið áfram að hagræða í sínum rekstri eins og allir aðrir eru að gera hér. Hvort að það skilar okkur nákvæmlega 800 eða 1200 milljónum eða hvað það verður í afgjald verður að koma í ljós. En já, ég get ekki varið það við þessar aðstæður, vegna þess að þessar aðstæður í efnahagsumhverfinu eru líka í efnahagsumhverfi leikskóla, líka í efnahagsumhverfi skóla, líka í efnahagsumhverfi velferðarsviðs. Ég get ekki varið það við þessar aðstæður að hagræðingarkrafa í rekstri verði ekki gerð á Orkuveitu Reykjavíkur. Enda hafa stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur ekkert kvartað undan því og telja það ekkert ósanngjarnt að þeir mæti sömu hagræðingu í rekstri, að því er varðar sparnað í innkaupum, að því er varðar hagræðingu í launaútgjöldum og svo framvegis og svo framvegis.

Við verðum að halda áfram með alla þessa hagræðingu hér á vettvangi Reykjavíkurborgar og hljótum að vænta þess að Orkuveitan geri slíkt hið sama. Þannig að það er alveg skýrt og ég ætla bara að segja þetta aftur til að borgarfulltrúanum sé þetta ljóst, en býst reyndar ekkert reyndar endilega við því að hann breyti sínum málflutningi, við erum að skoða það með hvaða hætti, Orkuveitan er í góðu samstarfi við fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og aðra eigendur Orkuveitunnar, hvernig þeir telja sig geta mætt afgjaldsóskum eigenda sinna, sem Orkuveitan telur sjálfsagða og eðlilega, hvort þeir geta mætt því og með hvaða hætti það verður nákvæmlega gert og ég sagði það líka, að það tengdist breytingum á löggjöf um ábyrgðagjald. Þannig að ég vona að þetta sé orðið nokkuð skýrt.

En með sama hætti og borgarfulltrúinn heldur því fram og ég er hér með útreikninga, og hann segir; þessir skattar sem er verið að íhuga á, orkuskattarnir á

fyrirtækin þeir lenda bara á stórnotendum, þeim er ekkert ætlað að lenda á fyrirtækinu. Þannig að borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson hefur miklu meiri áhyggjur af Orkuveitu Reykjavíkur heldur en íbúum Reykjavíkur, vegna þess að samkvæmt þessum útreikningum borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, þá mun þetta alveg lenda á íbúum Reykjavíkurborgar og þeim sem að nota afurðir frá Orkuveitu Reykjavíkur. Það er ekkert þannig að fyrirtækið týni þetta af gólfinu uppi í Orkuveitu, það þarf að sækja fjármagnið, hluti af þessum svokallaða orkuskatti lendir á notendum ekki bara stórnotendum. Það er rétt að hlutfall þessa lendir á stóriðjunni, en það er minni hluti en hitt. Samkvæmt þessum útreikningum frá Orkuveitu Reykjavíkur, þá mun þetta lenda, ja bara svona þegar ég horfi hér fyrir, þá er þetta svona 70% af almennum notendum og 30% af stóriðju sirka. Þannig að ég held að borgarfulltrúinn verði að skoða betur þær upplýsingar sem, hann telur greinilegt að lendi bara á stóriðjunni og einhverjum stórnotendum, en það er ekki samkvæmt áætlun Orkuveitunnar. Þannig að ég hlýt að vænta þess að borgarfulltrúinn miða við þessa umræðu sem varaformaður Samfylkingarinnar beitir sér að harðfylgni gegn þessari áætlun og gegn því að menn taki skatta af fyrirtækinu nema honum finnist eðlilegra að ríkið geri það heldur en Reykjavík.

Þannig að ég get ekkert meira en vitnað bara í þau gögn sem að hafa verið reiknuð út hjá Orkuveitu Reykjavíkur, sem sýna það að það er jafnvel mun minni hlutur sem kemur frá stóriðju heldur en sem kemur frá almennum, ég skal bara fara yfir þetta fyrir borgarfulltrúann þannig að þetta sé alveg á hreinu. Útreikningar Orkuveitunnar eru þannig, að ef það eru teknir 12 aurar sem er nú algjört lágmark segir ríkisstjórnin af þessum orkusköttum, þá lendir 144 milljónir af almennum markaði í rafmagni og almennur markaður af heitu vatni 462 milljónir, fyrir stóriðjuna 192 milljónir. Ef að það eru teknir 30 aurar á hverja kílovattstund þá lendir það á almenna markaðnum um 1500 milljónir, en 480 milljónir á stóriðjuna. Ef að menn ganga alla leið eins og í fjárlagafrumvarpinu, sem ég reyndar held að menn geri ekki, við hljótum að treysta því að það verði ekkert úr því, en þá hefðu ef það hefði gerst, þá hefði á stóriðjuna lent 1600 milljónir, en á almenna markaðinn 5,2. Þannig að það er eitthvert misræmi hér í upplýsingum og við munum auðvitað skoða það, en samkvæmt útreikningum Orkuveitunnar og þeim upplýsingum sem menn fá frá ríkisvaldinu þá lendir þetta svona. Þannig að Dagur

B. Eggertsson hlýtur miðað við það sem hann sagði hér áðan, að beita sér af krafti gegn þessum orkusköttum, enda munu þeir auðvitað bitna bæði á fyrirtækinu Orkuveitu Reykjavíkur og á notendum sem eru að stórum hlut Reykvíkingar.

En ég ítreka það varðandi afgjaldið, að ég tel og ég held að borgarstjórn sé sammála um það, að við eigum rétt og Reykvíkingar eiga rétt og okkur ber skylda til þess að mæta þessari afgjaldsósök og vinna með það. Orkuveitan er, stjórn og stjórnendur að vinna að því að útfæra það nákvæmlega með hvaða hætti það verði gert. Ég sagði það áðan hér í andsvari við Þorleif Gunnlaugsson borgarfulltrúa, að ég væri sammála honum um það að þetta yrði að gerast þannig að ekki ógnaði eða setti fyrirtækið í einhvern vanda vegna þess, það er unnið samkvæmt því og unnið samkvæmt því og unnið samkvæmt því, að það þurfi ekki eins og borgarfulltrúinn er hér að ýja að að taka lán eða hækka gjaldskrár til að ná þessu.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og þá veitir borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvar.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kann því illa ef því er haldið fram að ég hafi ekki hagsmuni íbúa Reykjavíkur fyrst og fremst fyrir brjósti, heimilanna og þeirri erfiðu stöðu sem mörg þeirra eru í eftir hrunið og þær hrikalegu afleiðingar sem þær hafa haft. Láti mér þó hver sem vill þegar að ég segi að í þessari umræðu um orkuauðlindaskatta hafi það fyrst og fremst verið stór-, stór-, stórnotendurnir og þeirra harða hagsmunabarátta sem hafi hvinið hæst í og það er kannski vegna þess, að ef við skoðum almenna gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem hægt er að fletta uppá á netinu, að þá kostar kílóvattsstundin til almennra notenda 9,49 kr. á kílóvattsstundina. Þannig að 12 aurar á kílóvattsstundina er 1% hækkun, það er 1% hækkun. Í samhenginu við rekstur Orkuveitunnar eins og til dæmis launin sem ég var að nefna áðan er hins vegar yfir 2ja milljarða arðgreiðslur 50% af launum. Það er vissulega hægt að taka þessa peninga með því að hætta við einhverjar framkvæmdir, en þá verður ekki farið í þær á meðan eða að taka þessa peninga að láni eða af handbæru fé sem er ekki mjög mikið. Eigið fé fyrirtækisins er að lækka, ég heyrði ekki í svörum borgarstjóra töluna fyrir það hvað eigið fé lækkaði miðað við þetta skuldafjárútbod. En vegna þess að hér var farið yfir efnisinnihald bréfs borgarstjóra til fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn B-hluta fyrirtækja og það lagt út sem einhvers konar fróm ósk um að þeir athuguðu hvað hugsanlega hægt væri að gera með góðu móti, að þá er bréfið sem að minnsta kosti var sent fulltrúum minnihlutans í stjórn fyrirtækjanna svohljóðandi, með leyfi forseta:

Gert er ráð fyrir eftirfarandi viðbótararðgreiðslum frá B-hluta fyrirtækjum og svo kom talan, sem er samtals yfir 2 milljarðar frá Orkuveitunni.

Það er mikilvægt að fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn B-hluta fyrirtækja tryggji að þessi markmið nái fram að ganga.

Þetta bréf gæti ég auðvitað lesið í heild sinni, en tími minn er á þrotum.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar hæstvirtur borgarstjóri andsvári.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það er ekkert nýtt í þessu. Ef að borgarstjóri hefði ekki talið sig þurfa að beina því til stjórnar og stjórnenda og þá hefði þetta verið gert hér með einhverju pennastriki. Og það er mikilvægt, ég skil ekki að borgarfulltrúinn geri ágreining um það, það er auðvitað mikilvægt við þær aðstæður, vegna þess að þetta er sama fólknið og segir hér að við séum komin inn að beini í grunnþjónustu. Það er mikilvægt við þessar aðstæður og ég er búin að segja það margsinnis, að fyrirtækin okkar komi inn í það með þeim hætti sem þau geta. Algjörlega nauðsynlegt, algjörlega.

En sé það þannig eins og ég útskýrði, og ég er aðeins að hafa áhyggjur af því að ég sé alltaf að endurtaka mig, en borgarfulltrúinn virðist ekki hafa hlustað á umræðuna, þá talaði ég líka um það hér í ræðu minni og vitnaði líka í minnisblöð til fyrrverandi borgarstjóra um það, að ábyrgðargjaldsbreytingar eru að verða með lögum núna um áramótin. Hún felur í sér að þessi fyrirtæki greiða aukið ábyrgðargjald vegna lána. Og það er ekkert nema sanngjarnt að ef að sú tala er það há, að það vegi upp á móti þessu. Það er sama og hefur verið gert áður, þegar að ábyrgðargjald var tekið upp af langtímalánum, ég þori ekki að fara nákvæmlega ár það var en ég er með það hér, þá sögðu menn og hér erum við með fjármagn sem kemur frá fyrirtækinu í formi aukins ábyrgðargjalds, það þýðir lækkan á arðsemiskröfu eða afgangi. Þannig að það má vel vera að við stillum því þannig upp. Og ég ítreka það sem að ég er búin að segja mörgum sinnum, að þetta verður leyst þannig að fyrirtækið geti unað við það og það setji ekkert í uppnám hjá fyrirtækinu, en það verður líka leyst þannig að Reykjavíkurborg getur ekki sagt – nú þarf Orkuveitan ekki að greiða nokkurn skapaðan hlut, ekkert í afgangi eða neitt, engin krafa um hagræðingu þar, við teljum okkur geta tekið þetta út af velferðarsviði eða leikskólasviði. Það er ekki þannig. Þannig að Orkuveitan verður að sjálfsgöngu að fara í þessa vinnu með okkur og mun gera það með gleði.

Og svo aftur skil ég ekki og ætla reyndar ekki vegna þess að mér finnst eins og varaformaður Samfylkingarinnar sé aldrei búinn að svara því og hann verður að svara því, ég spyr hann þá að því af því að hann spyr mikið. Ef að þetta eru réttar upplýsingar frá Orkuveitu Reykjavíkur um þessa orkuskatta, ef það er rétt að þetta

Bstj. 17. nóvember 2009

sé svona mikill kostnaður fyrir Orkuveituna eða notendur Orkuveitunnar, er Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hrifinn af þessum sköttum? Telur hann að þetta sé til góðs fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, styður hann svona skatta á fyrirtækið eða notendur þess?

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sín, loki við að svara andsvari. Og þá svara borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvari í annað sinn.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Mér fannst ég vera nokkru nær í fyrra svari borgarstjóra, en aðeins fjær aftur núna, vegna þess að í fyrra svarinu fannst mér borgarstjóri vera að gefa upp boltann með það, að það ætti að fara mjög faglega yfir þetta útfra ýrustu hagsmunum fyrirtækisins, sem ekki þarf að taka fram að allri fulltrúar Samfylkingarinnar telja að eigi að bera birgðar eins og fyrirtækið getur í þröngri og erfiðri stöðu. Og því held ég og veit að allir starfsmenn Orkuveitunnar eru sammála. En við gerum hins vegar mjög skýra fyrirvara við óraunhæfar arðsemiskröfur í þeim krappa dansi sem fyrirtækið er. Því að þar sem að við megum síst eiga á hættu hér er að kippa undan okkur fótunum, jafnvel þó að við séum að takast á við mjög erfið verkefni.

Og ef að borgarstjóri er að spyrja að því hvort að ég sé hrifin af því að hækka skatta, þá er ég það ekki. Ekki frekar en að ég er hrifin af efnahagshruninu eða þeirri stefnu sem leiddi það af sér. Skattahækkanir og niðurskurður á opinberri þjónustu er hins vegar því miður óumflýjanleg og þá held ég að það sé gríðarlega mikilvægt að dreifa þeim birgðum á eins sanngjarnan hátt og hægt er. Og hvort ég telji stóriðjuna eigi að bera þar birgðar á við aðra, þá er svarið já. Svárið er afdráttarlaust já. Ég tel að við eigum að hlífa heimilunum, einstaklingum og þeim sem verst standa eins og nokkur kostur er, þeir sem geta borið meira þeir verða að gera það. Og það er ekkert gleðiefni fyrir þetta samfélag að fara í gegnum það, en við getum það, en við eigum ekki að fría okkur eða reyna að ýta erfiðum ákvörðunum fram í framtíðina, við eigum ekki að tala einhverja tæpitungu eða undir rós og við eigum að halda þessu heildarsamhengi til skila í staðin fyrir að plokka út súru berin og henda þeim eitthvert annað. Og ábyrgð gagnvart Orkuveitunni er eitt af því sem við þurfum að hugsa um, þó að það sé sannarlega ekki það eina.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur veitt andsvar öðru sinni. Og þá svarar hæstvirtur borgarstjóri andsvari í annað sinn.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það eru allir að gæta ábyrgðar í þessu og ég ítreka það við borgarfulltrúann, eins og ég er búin að segja margoft í umræðunni, að þessi ósk fjallaði um það að mæta þessu með sömu hagræðingu og við erum að gera á öðrum sviðum og sömu hagræðingu og við erum að gera á annan rekstur. Og það getur ekki talist óeðlilegt. Miðað við ræðu borgarfulltrúans hér áðan, þá getur hann varla talað um það að ráðast meira á leiksskólasvið heldur en Orkuveituna. Þannig að það er nákvæmlega sama línan í því, og við höfum verið að vinna eftir því. En af því að borgarfulltrúinn sagði hér að lokum; ja ég auðvitað vil það best, og ég ætla ekki að draga það í efa, að þetta komi sem best út fyrir heimilin og svo framvegis. Þetta afgangur sem við erum að tala um mun ekki koma neitt niður á heimilunum, ekki neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég er búin að segja það mörgum sinnum í umræðunni að stjórnendur Orkuveitunnar telja sig geta náð afgangi án þess að gera það.

En við skulum þá fara yfir það borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, af því að þú hefur svo miklar áhyggjur af heimilunum eðlilega. Ef að það er settur orkuskiptur á heitt vatn fyrir almennan notanda Orkuveitunnar, hér er búið að reikna út áhrif á meðal heimili. Ef það er 12 aurar á kílovattstund þá þýðir það 6,5% hækkun fyrir meðal heimili og það er á heitt vatn. Á rafmagn ef að það eru 12 aurar á kílovattstund 1,3%. Ef að menn ganga svo langt að segja að við ætlum að taka 30 aura á kílovattstund, þá er það 16,3% hækkun fyrir meðal heimili í Reykjavík, fyrir heitt vatn og fyrir rafmagn 3,3%. Og svo heldur borgarfulltrúinn því fram að þetta snúist bara um stórnotendur. Ef að borgarfulltrúinn, miðað við ræðuna hér áðan um það að hann teldi alveg að stórnotendur gætu greitt meiri skatta, það mætti bara ekki ráðast á heimilin, það mætti bara ekki ráðast á heimilin, þá eru þessir orkuskiptar að hækka gjöld á meðal heimili um þær tölur sem ég hef hér lesið upp. 1,3% orkuskiptur á rafmagn ef það er hækkun um 12 aura upp í 16,3%, það er á meðal heimili venjulegs fólks í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson og þú hlýtur að hafa áhyggjur af því.

Forseti: Borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari annað sinni. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Sameining veitufyrirtækjanna og stofnun Orkuveitunnar höfðu mikil áhrif í Reykjavík og ég er ekki viss um, þegar litið er til baka, að sú vegferð hafi verið alls kostar til góðs. Veldi fyrirtækisins var kyrfilega sýnt með byggingu á risahúsi sem trónir eins og miðalda kastali yfir Ártúnsbrekkunni, bygging sem fór langt yfir fjárhagsáætlun. Síðan og sérstaklega um og upp úr 2006 hófst markaðsátakið. Farið var í umfangsmikla ferðamannaþjónustu upp í Helligheidarvirkjun og meintum stórkaupendum var boðið á tónleika með Eric Clapton með tilheyrandi veisluhöldum. Þú er ekki stórkaupandi Ólafur F. Magnússon greinilega. Orkuveitan er í fjárþröng og hún þarf að skoða allt. Og hér er verið að tala um arð.

Er það rétt í stöðunni að fyrirtæki í svo miklum þrengingum sé að greiða 50 milljónir í samfélagsstyrki á þessu ári. Þrátt fyrir erfiðleikana er þessu haldi áfram eins og ekkert sé og annan eða þriðja hvorn fund í stjórn Orkuveitunnar erum við að úthluta til kirkjubygginga, leikhúsa, íþróttafélaga eða annars, það er verið að veita styrki til aðila sem að sækja flestir um styrki til borgarsjóðs, borgarráðs eða inn í ráð borgarinnar. Er ekki ráð í það minnsta að huga að svona hlutum, getur Orkuveitan haldið svona áfram eins og ekkert hafi í skorist, við veltum þá 93,5% af þessum 50 milljónum, það munar líka um það. Ég hef gert athugasemdir við þetta í hvert skipti sem það er verið að veita styrki, en það hefur ekki verið tekið mark á því.

Útþenslustefna Orkuveitunnar á suður- og vesturlandi er umhugsunarverð, hún er umhugsunarverð í stöðunni og það naga sig væntanlega einhverjir í handabökin núna þegar við þurfum að taka stórar upphæðir að láni eða í skuldabréfaútbóði til að greiða fyrir fráveitulagnirnar á vesturlandi. Þetta á að mínu mati, og eins og allt annað á að vera til endurskoðunar. Business-væðingin í upphafi þessarar aldar beið skipbrot, hún beið skipbrot fyrir ári síðan. Og það er kominn tími til að snúa bökum saman og verja almannafyrirtækin og almannahagsmunina. Það er áleitinn spurning hvort að það sé ekki rétt að taka þessi fyrirtæki, þessi B-hluta fyrirtæki eða allavega flest þessara fyrirtækja, bara aftur til Reykjavíkur, bara taka þau heim. Taka þau úr þessari fjarlægð sem að þau eru í, taka þau úr þessari fjarlægð

Bstj. 17. nóvember 2009

sem að þau eru komin frá kjóсандanum í Reykjavík og setja þau bara aftur inn í A-hlutann. Orkufyrirtækið margumtalaða í Helsinki það er inni í A-hlutanum, það er í A-hluta Helsinkiborgar. Þetta er kannski ekki einfalt mál, en mér segir svo hugur að til að mynda meðeigendur okkar í Orkuveitu Reykjavíkur yrðu dauðfegnir ef að þetta yrði gert.

Forseti: Borgarfulltrúinn Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúinn Sigrún Elsa Smáradóttir.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta verður nú bara örstutt hjá mér, mig langar aðeins í ljósi þessarar umræðu sem borgarstjóri fór nú fram með hérna varðandi orkuskattana annars vegar og arðgreiðsluna hins vegar, og þeirrar fullyrðingar að arðgreiðslurnar muni ekki koma niður á heimilunum, það fullyrti borgarstjóri hér áðan úr ræðustóli. Að þá vil ég bara halda því til haga, að ég tel að borgarstjóri geti ekki fullyrt þetta á meðan að fyrirtækið stendur í lántökum til þess að standa undir rekstri og fjárfestingum fyrirtækisins, að þá er ekki hægt að halda því fram að þessar arðgreiðslur komi ekki annað hvort til með að verða teknar að láni eða fengnar með hækkunum á gjöldum. Og ef að þær verða teknar að láni að þá náttúrulega verða þær einhvern tíma teknar með hækkunum á gjöldum, vegna þess að lán þarf jú að greiða til baka eins og við flest vitum. Og þá er staðan sú og það er þess vegna sem ég kem hér upp í ræðustól, að þá er staðan sú, að Orkuveitan getur ekki annað en hækkað á almenna markaðinn. Orkuveitan getur ekki ein og sér mætt þessum arðsemiskröfum með því að hækka á stóriðju, vegna þess að þar eru fyrirliggjandi samningar sem Orkuveitan getur ekki breytt. Þannig er krafan sem gerð er á fyrirtækið um arðgreiðslur, hún kemur með einum eða öðrum hætti, hvort sem það er beint með hækkun á gjöldum eða óbeint með niðurgreiðslu á lánum, og það er bara kjánalegt að halda því fram að þetta sé fundið með öðrum hætti, þegar fyrirtækið stendur í þessum lántökum. Það væri hægt að lækka þær lántökur um þessa 2 milljarða ef ekki kæmi til arðgreiðslanna og þannig er það bara og þannig liggur bara dæmið. Því að auðvitað er fyrirtækið í aðhaldsaðgerðum og búið að vera undanfarin ár og alveg síðan um hrun í gríðarlegum aðhaldsaðgerðum, burt sé alveg frá þessari arðgreiðslukröfu.

En þá er staðan þess, að arðgreiðslan að henni verður ekki mætt annars staðar en á almenna markaðnum þegar Orkuveitan á í hlut, en hins vegar þegar að við horfum á aðgerðir ríkisstjórnarinnar Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri, að þá getur ríkið valmetið skattlagningu, hún getur lagt álögur sem að ná líka til stóriðjunnar. Og auðvitað eiga álögur og auðvitað núna þegar að við göngum í gegnum í þetta, eins og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi fór ágætlega yfir hérna áðan, að

auðvitað á stóriðjan líka að bera sinn hluta af þeim birgðum. Við í stjórn Orkuveitunnar við náum ekki til þeirra, vegna þess að við erum með fyrirbyggjandi samninga. Það eina sem við getum gert til þess að mæta kröfum borgarstjóra um arðsemi er, og við þurfum að breyta gjaldskráum í kjölfarið, hvort sem það verður nú á þessu kjörtímabili eða hvort menn haldi í sér fram yfir kosningar, sem ég hef nú trú á að menn muni reyna að gera, að þegar að því kemur að greiða þarf þessi lán til baka sem þarf að greiða til baka og allir vita að þarf að greiða til baka, að þá verður það bara gert með hækkun á almennum markaði, vegna þess að stjórn Orkuveitunnar getur ekki hrært í öðrum málum. Þannig að ríkisvaldið er í rauninni eitt fært um það að leggja auknar álögur og birgðar á stóriðjuna og að hún taki þátt í þessu með okkur. Það er ekki á okkar valdi að gera það, allavega ekki á þeim samningum sem nú þegar liggja fyrir og á þessu er reginmunur. Og hann liggur í þessu.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að lengja þetta. Ég er hætt að skilja þetta. Nú er allt í einu borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, Dagur B. Eggertsson stóð hér upp rétt áðan og sagði að Samfylkingin væri ekki á móti afgangi og vildi ekki leggja það á. En nú allt í einu segir borgarfulltrúi Samfylkingarinnar; það er alveg sama hversu mikið menn taki í afgang, það þarf að taka það að láni og það er dulbúin skattheimta. Ég var ekki að vitna í þig, ég var að vitna í borgarfulltrúann Sigrúnu Elsu Smáradóttur, sem sagði það hér áðan að það væri dulbúin skattheimta.

En það breytir engu um það, að ástæðan fyrir því að ég segi að ég telji að fyrirtækið geti borið hóflegt afgang, sem er allt í einu orðin krafa borgarstjóra, það hefur þá verið krafa Ingibjargar Sólrúnar á sínum tíma og krafa Þórólfs, við skulum halda því öllu til haga að þetta var ekki vilji borgarstjórnar, hvað þá að þetta væri réttur Reykvíkinga, heldur krafa borgarstjóra og hafi þá greinilega alltaf verið þannig. Að ég hef þær upplýsingar frá fyrirtækinu og ég ítreka það og ég er búin að segja þetta reyndar mjög oft, að hóflegt afgang við þessar aðstæður orðast alveg orðrétt; ..kallar ekki á sérstaka lántöku eða breytir gjaldskrá. Og ég ítreka það að ég sagði líka að við værum í samtali við stjórn Orkuveitunnar og stjórnendur og ég teldi að þetta myndi leysast þannig. Það gæti hins vegar þýtt að við þyrftum að lækka afgangskröfuna vegna þess að það er líka að koma meira í gegnum ábyrgðargjaldið.

Og ég veit ekki alveg hversu löngum tíma við ætlum að eyða í þetta og svo halda menn áfram að tala um blessaðan orkuskattinn og láta eins og þrátt fyrir það að ég sé hér búin að bera á borð upplýsingar frá Orkuveitunni, sem menn taka nú vanalega góðar og gildar, að sá skattur muni valda þessu fyrir fyrirtækið og fyrir almenna notendur, og enn tala menn um að þetta séu bara stóriðjuskattar. Miðað við útreikninga og upplýsingar Orkuveitu Reykjavíkur er það ekki svo heldur mun það bitna mjög harkalega á heimilunum í borginni. Og þá hlýtur borgarfulltrúinn Sigrún Elsa Smáradóttir, sem berst með kjafti og klóm gegn þessu eðlilega afgangi Reykvíkinga, að útskýra það fyrir okkur hvers vegna henni finnst í lagi að

taka þetta í gegnum orkuskattana. Reykjavíkurborg á Orkuveitu Reykjavíkur. Reykvíkingar eiga Orkuveitu Reykjavíkur ekki ríkisstjórn Íslands eða ríkisvaldið.

Og Dagur B. Eggertsson sem kallaði þetta á sínum tíma skuldir Orkuveitunnar, nestispakki til framtíðar – eftirsóknaverðustu skuldir Ísland, í grein í Morgunblaðinu. Það er ekki sama hvoru megin borðsins maður situr. Hér taka menn harðan slag fyrir skatta á fyrirtækið, vegna þess að það eru Jóhanna og Steingrímur sem berjast fyrir því, en af því að það er Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sem í nafni Reykvíkinga óskar eftir eðlilegu afgangi, þá er það algjörlega ómögulegt, algjörlega ómögulegt og óásættanlegt, og hrikalegt fyrir fyrirtækið og ferlegt fyrir íbúa. En meðan að það eru Jóhanna og Steingrímur J. Sigfússon, þá er það allt í góðu lagi og þá heita það bara skattar á stóriðju, alls ekki á fólk og sannarlega ekki á Orkuveitu Reykjavíkur.

Er það nema von að maður stundum velti því fyrir sér hvar maður sé staddur. Þessar ræður eiga örugglega vel heima á flokksráðsfundum Samfylkingarinnar, en þær passa ekki hér þegar að borgarfulltrúar eiga að verja það, að Reykvíkingar eiga rétt á þessu afgangi, rétt á því og hafa aldrei tekið meira á góðum tímum, aldrei. Orkuveitan hefur gengið í gegnum mjög góða tíma, það hefur aldrei verið sótt aukið afgang. Vegna þess að það hefur veri sátt um það, að sækja hófleg afgang. Og að endingu, sem ég búin að segja oft í dag, við munum sækja hóflegt afgang til Orkuveitu Reykjavíkur með sama hætti og með sömu hagræðingarkröfu og gerð er í öðrum rekstri í Reykjavíkurborg, en það verður ekki gert þannig að það skaði fyrirtækið.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og næstur tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon. Borgarfulltrúinn hefur veitt andsvar einu sinni og auk þess talað tvisvar, en forseti skal síðar á fundinum gefa borgarfulltrúanum tilefni til að gera stuttar athugasemdir. En næstur tekur til máls Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil aftur ítreka þakkið mínar fyrir langar og góðar ræður hér, og langa umræðu hér um þetta þýðingarmikla mál og þakka borgarfulltrúunum fyrir áhuganum sem þeir sýna þessu þýðingarmikla máli, þó að mér finnst umræðan nú fara fullmikið í eitthvað rifrildi um skatta og einhverja aura fram og til baka en ekki um kjarna málsins, sem er að standa fastan vörð um eignarhald almennings á þessari auðlind, fara vel með hana og huga stundum oftar en við gerum í dag að því að við erum ekki síðasta kynslóðin sem lifir á Íslandi og getum ekki gengið um landið eins og einhvern ruslahaug. Það gera svo sannarlega þeir flokkar almennt sem ráða ríkjum hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, þeir haga sér oftar finnst mér eins og síðasta kynslóðin sem lifir á þessu landi. Og þess vegna finnst mér alveg óskaplega gaman að heyra svolítinn tilfinningahita í þeim í þessum málum. En ég vil hins vegar taka undir með þeim varðandi það atriði, að Orkuveita Reykjavíkur er í eigu borgarbúa og fyrirtækið, ég var nú var við þetta á meðan að ég var borgarstjóri, mér finnst bara að fyrirtækið eigi ekki að vera með einhvern derring sem einhver sjálfstæður aðili eða beygja sig ekki í hvívetna undir vald borgarbúa og kjörinna fulltrúa, sem eru fulltrúar borgarbúa. Það var oft kvartað undan þessu í borgarstjóratíð minni af innri endurskoðun borgarinnar og fleiri aðilum, að við þurfum að hafa beisli á stjórn þessa fyrirtækis og láta þá vita það mjög skýrt þá sem þar eru, að þeir eru að vinna fyrir okkur í borginni, það erum við sem erum kjörnir fulltrúar og við berum ábyrgð í raun og veru á pólitík þessa fyrirtækis, sem oft hagar sér, eins og Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi vék að, með umtalsverðum vængjaslætti og flotræfilshætti og sjálfbirgingshætti, og veit ég að við Þorleifur vinur minn viljum ekki horfa upp á, er það ekki satt Þorleifur.

En ég ítreka það, að mér finnst rifrildi fram og til baka um þessa hluti ekki vera mjög frjó umræða, að því að það er svo grafalvarlegt mál hvað er verið að nýta þessa orkulind með óábyrgum hætti, hvað það er verið að ganga hart gegn almannahagsmunum, hvað er harkalega unnið að því að koma auðlindinni í hendur einkaaðila og hvað menn hafa gleymt sér við það tala fram og til baka um að það sé óréttlátt að skattleggja þetta fyrirtæki með þeim hætti, að það borgi

Bstj. 17. nóvember 2009

eðlilegt afgangur til borgarinnar, við erum eigandinn og að sjálfsögðu á þetta fyrirtæki að leggja sitt inn í velferðarkerfi borgarinnar. Og að sjálfsögðu ef það er aflögufært og ef það er eitthvað sem hentar rekstri borgarinnar sem heild. Orkuveitan er hluti af borginni og á umfram allt að lúta lögmálum þess sem borgarstjóri Reykjavíkur leggur fyrir og ekki stunda vængjastlát og flotræfilshátt, sem okkur Þorleifi vini mínum svíður svo að horfa upp á.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Óskar borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir eftir því að gera stutta athugasemd. Forseti samþykkir það. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Sigrún Elsa Smáradóttir: Þakka þér fyrir forseti. Ég verð nú aðeins að fá að bregðast við, vegna þess að borgarstjóri beindi nú til mín orðum og ýmsu héðan úr ræðustóli eftir að ég var búin að nýta allan minn rétt hér til taka til máls. En borgarstjóri sagðist ekki skilja í því sem að ég segði. Hún sagðist ekki skilja hvernig við fengjum þetta út, að núna séu þessar arðgreiðslur, að núna getum við kallað það dulbúna skattheimtu að þessu verði varpað yfir á almenning á meðan að það væri ekki hægt í öðru árferð, en í því felst einmitt munurinn. Það er annað árferði núna. Það er ekki þannig að það sé hægt að taka þessar arðgreiðslur af hagnaði fyrirtækisins eða væntumhagnaði næsta árs eða að þetta jafnist svona einhvern tíma út í nánustu framtíð, heldur er fyrirtækið að taka í gífurlegum lántökum, óhagkvæmum lántökum, óhagkvæmari en nokkru sinni fyrr og þess vegna verður að taka þetta, mun þetta koma þessar arðgreiðslur, þær munu koma fram sem þá aukin þörf á lánsfjármagni. Það getur vel verið að þetta sé ekki einhver sérstök lántaka, það verður ekki boðið út sérstakt skuldabréfaútböð út af þessu.

Þetta kemur þá bara væntanlega úr því skuldabréfaútböði sem núna er til þess að greiða þetta. En þannig verður þetta. Og það er ekki hægt að snúa sig út úr því að hér er um að ræða gjaldtöku sem að mun á endanum, hvort sem það er núna eða þegar menn fara að greiða af lánum, að þá mun sú gjaldtaka verða tekin út á almennum gjaldskráum í Reykjavík, vegna þess að Orkuveitan getur ekki með sínum hækkunum hækkað gjaldskrá stóriðjunnar, það getur ríkisvaldið hins vegar gert og þess vegna eru kannski stóriðjuskattarnir eða orkuskiptarnir þar réttlæt看legri heldur en þetta. En hins vegar vil ég ítreka það forseti og syndga upp á náðina með það, að í principinu er ég ekki á móti arðgreiðslum, en menn verðar bara að taka mið af aðstæðunum sem núna eru og gera sér alla vega grein fyrir því hvaða áhrif arðgreiðslur á þessum tímamarki hafa. Og það þýðir ekki að stinga höfðinu í sandinn með það og láta eins og að það muni ekki hafa áhrif inn í framtíðina og að það muni ekki bitna á gjaldskráum íbúa í Reykjavík.

Forseta: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur gert stutta athugasemd. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson og talar í annað sinn.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þetta var merkileg ræða hjá háttvirtum borgarstjóra rétt í þessu, sem vakti mikla kátínu þ.e.a.s., að rifja upp grein sem ég hygg að ég hafi skrifað í aðdraganda kosninganna 2002, þar sem ég færði rök fyrir því að fjárfestingar og virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur hefðu verið hyggindi sem í hag koma. Það er að segja arðbærar framkvæmdir sem að höfðu vissulega leitt til þess að tekin voru lán og þar með yrðu til skuldir, en vegna þess að framkvæmdirnar væru arðbærar og eignirnar miklar, að þá væri þetta einfaldlega eftirsóknaverð staða. Og það vill svo til að það var haldinn sérstakur fundur að beiðni minnihlutans og Samfylkingarinnar í borgarráði um stöðu Orkuveitunnar þar sem að kemur fram býsna glöggur samanburður á stöðunni þá, stöðunni við síðustu kjörtímabilaskipti og stöðuna núna. Hvernig var það þá?

Þegar stærðir ársreiknings, það er að segja heildar skuldirnar hafa verið reiknaðar upp á verðlagi júlí 2009, það er að segja um mitt þetta ár, þá voru skuldir Orkuveitunnar í árslok 2001 38,4 milljarðar, 41 milljarður árið 2002, segir kannski ekki mikið ef maður hefur ekki eignirnar undir, en það er einmitt það sem að eiginfjár hlutfallið gefur upplýsingar um. Hvert var eiginfjár hlutfallið, eignir að frádregnum skuldum, 58,9%. 58,9%, þetta var, einhver kallaði hér frammí nestispakki til framtíðar, það var það sannarlega, ekki bara til nokkurra næstu ára heldur til framtíðar, vegna þess að þetta voru arðbærar ákvarðanir, hagstæð lán og verðmætar eignir sem munu skila tekjustreymi til framtíðar. Í lok ársins 2005 í ársreikningi sem þá var gerður upp, kom fram að heildarskuldirnar miðað við verðlag júlí 2009 voru 55,1 milljarður, höfðu hækkað um 15 milljarða á kjörtímabilinu. Eignir á móti, sannarlega og hvert var eiginfjár hlutfallið, 55%. 55% eitthvert traustasta eiginfjár hlutfall í íslensku atvinnulífi á þeim tíma. Eitthvert traustasta eiginfjár hlutfallið í atvinnulífinu á þeim tíma. Hvað hefur gerst síðan. Jú, þriggja ára áætlunin sem núverandi meirihluti lagði fram í upphafi þessa kjörtímabils gerði ráð fyrir stórfelldum framkvæmdum, skuldasöfnun sem laut því nærri að tvöfalda skuldir Orkuveitunnar á þremur til fjórum árum og það var farið óvarlega í arðsemi einstakra virkjana, í að vera komin með tryggja stóriðjusamninga fyrir, að vera viss um að verkefnið sem lægi til grundvallar yrði

nú að veruleika og hvaða verkefni er það, það er Helguvík, sem er ekki ennþá búið að fjármagna frá hinum endanum. Og hver er staðan nú, út frá hvaða stöðu erum við að tala. Við erum að tala út frá því að um mitt þetta ár voru skuldir Orkuveitunnar sem voru 40 milljarðar 2002, 55 milljarðar 2005 ... voru 227 milljarðar, 227 milljarðar og eiginfjár hlutfallið sem hafði verið 59% og 55% er komið niður í 14%. Og þá ætla menn að halda hér glottræður um það, að það hafi verið talað fallega um stöðuna 2002, auðvitað, hún var sterk og góð. Það hafði verið gengið fram af fyllstu ábyrgð, nema þá hugsanlega í einu. Sjálfstæðisflokkurinn hafði hamast yfir þessum skuldum allan tímann sem uppbyggingin stóð yfir, allan tímann og ekki tekið neitt mið af þessum lykilstærðum, sem þó allir sem að fylgjast með fyrirtækjarekstri kunna skil á. Þess vegna náði sá málflutningur ekki í gegn. En hvað gerði Sjálfstæðisflokkurinn um leið og hann komst til valda. Hann vék til hliðar hinum meintu áhyggjum sínum og stóryrðum af skuldasöfnun, enda var það bara – fyrirgefið orðbragðið – rakalaust bull, sem tók ekkert mið af fjármálum borgarinnar eða því sem að undir lá, og gerði þessi stórkallalegu áform sem við gerðum strax fyrirvara við vegna þess að það var ekki búið að tryggja orkusölusamningana, verkefnið var í óvissu og geyst var farið. Og nú er staðan sem sagt 227 milljarðar, eiginfjár hlutfall upp á 14% og það á að skuldsetja Orkuveituna frekar.

Þetta var nú eiginlega bara ræða samkvæmt pöntun, að rifja upp hvernig þessi staða hefur breyst, að rifja upp hvernig grein getur fjallað um það að Orkuveitan hafi verið með sterka stöðu 2002, jafnvel þó að hún hafi ekki jafn sterka stöðu nú. Hvernig getur það passað saman? Jú, það passar þannig saman, að í millitíðinni er búið að taka alveg rosalega margar ákvarðanir, margar býsna stórar sem mundu teljast djarfar og sumar hugsanlega of djarfar. Og það er einmitt það sem við erum að ræða hér, hvort að of bratt hafi verið farið og hvort að menn séu hugsanlega ekki að horfast í augu við þá stöðu sem við er að glíma, þegar sendur er 2000 milljóna reikningur vegna fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar í arðgreiðslur frá fyrirtækinu í þessum krappa dansi. Og fyrst að ég er beðinn um að rifja upp, þá skal það bara rifjað upp, að í tengslum við hverja einustu fjárhagsáætlun, hverja eina og einustu fjárhagsáætlun Reykjavíkurlistans, þar sem farið var fram á hófsamar arðgreiðslur frá Orkuveitunni, þá gerðu sjálfstæðismenn athugasemdir við það. Það er nefnilega víðsfjarri, það er víðsfjarri eins og hér var haldið fram af

Borgarstjóranum í Reykjavík, að það hafi verið einhver almenn sátt um þessar arðgreiðslur. Sjálfstæðisflokkurinn gerði alltaf athugasemdir og ég held að hann hafi reyndar alltaf setið hjá í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þegar að þær voru afgreiddar, alltaf. Og ég held að háttvirtur forseti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson verði einfaldlega að setjast aðeins niður með háttvirtum borgarstjóra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og fara yfir það hvernig þetta var, því að svona var þetta.

Reykjavíkurlistinn var með þá stefnu að vera með hóflegar arðgreiðslur, enda gæfi sterk staða Orkuveitu Reykjavíkur fullt tilefni til, hlutfallið væri eðlilegt af langtíma eigið fé, en allar þessar spurningar eru auðvitað og fyrirvarar eiga auðvitað að vera á lofti núna. Eiga auðvitað að vera á lofti núna, þegar að heildarskuldirnar eru 227 milljarðar, eigið fjár hlutfallið 14% og lausafjárstaðan eins og hún er. Við erum búin að vera á yfirdráttarlánum í meira en hálf ári. Og það er það sem er verið að ræða hér. Staðan eins og hún er núna, en það er sjálfsagt mál að leggja sig í þessa sagnfræðilegu framkróka að sérstakri beiðni.

Og síðan hefði útaf fyrir sig verið áhugavert að ræða hér réttláta skattheimtu. Og ætli að það sé ekki svo að þegar horft er til þess hvernig þessir skattar koma niður á heimilum borgarinnar miðað við aðra skatta í hlutfalli við það hversu stórt hlutfallið af þessum sköttum fellur á stærstu fyrirtækin sem geta borið það, að þá held ég að orkuauðlindaskattarnir komi réttlátar niður heldur en mjög margir aðrir skattar sem í umræðunni eru, þetta eru mjög aðrir skattar. Ég held að þeir 7,5 milljarðar sem nú er rætt um eða 6, sem nú er rætt um að teknir verði eftir þessari leið, komi síður niður á heimilunum og borgarbúum heldur en ef þeir 6 milljarðar yrðu sóttir með annarri skattheimtu.

Ég hef í raun lokið máli mínu. En ég held að menn geti alveg sparað sér það, nema því fylgi þar til gert reikningsstykki ef að þeir ætla að halda því fram, að 6 milljarðar í orku- og auðlindasköttum komi harðar niður á reykvískum heimilum heldur en 6 milljarðar í sköttum sem eru teknir eftir einhverjum öðrum leiðum, nema þá að borgarstjóri hafi haft í huga að taka þetta í einvers konar beinum fyrirtækjasköttum eins og Samtök atvinnulífsins hafa talað fyri, eins og tryggingagjaldi og ég er ekki viss um það að sá valkostur sé hagstæðari fyrir Reykjavíkurborg og raunar held nú síður.

Bstj. 17. nóvember 2009

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá eru ekki fleiri á mælendaskrá, en borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir því að gera stutta athugasemd. Hann hefur talað tvisvar og fær heimild til að gera stutta athugasemd, sem er ein mínúta nákvæmlega.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

Ólafur F. Magnússon: Já, forseti, góðir borgarfulltrúar. Okkur heitustu umhverfisverndarsinnunum hérna, eins og okkur Þorleifi vini mínum, ég veit meira að segja að fjallkonunni frænku minni og landvættunum líka er farið að leiðast þessi langa umræða, því að hún er ástríðulaus, tilfinningasljó, þannig að ég ætla bara að mæla svo fyrir okkar hönd:

Rísi, dreki, uxi, örn
allir verja landsins börn
Landvættina lofum vér
látum staðar numið hér.

Forseti: Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að gera stutta athugasemd og sitthvað fleira. Nú verður tekin til atkvæðagreiðslu 23. liður fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember. En eins og kynnt var, var hann til umfjöllunar undir þessum lið, þannig að þeir sem að samþykkja þann lið eru beðnir um að gefa merki. Þeir sem samþykkja þennan lið það er að segja 23. lið í fundargerð borgarráðs frá 12. nóvember eru allra vinsamlegast beðnir um að gefa merki. Samþykkt með 8 atkvæðum, einn á móti og sex hjásetur.

5. mál Umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og staðfesting á ákvörðun stjórnar um útgáfu skuldabréfaflokks, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember

[Bókun flutt í lok fundar]

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla að lesa bókun vegna afgreiðslu á skuldabréfaútboði Orkuveitunnar og hún er svona:

Allt frá því að Orkuveita Reykjavíkur var stofnuð um aldamót hefur fyrirtækið verið að fjarlægjast eigendur sína og á sama tíma hefur eigið fjár hlutfall þess stöðugt minnkað. Því að þegar að fyrirtækið var stofnað 2001 var eiginfjárhlutfall þess tæp 60%, en nú er það komið í 14%.

Það er ljóst að gengistapi er ekki einu um að kenna, heldur hljóta óábyrgar fjárfestingar að hafa haft talsverð áhrif. Fulltrúar Vinstri grænna telja enn brýnt að fjármálaskrifstofu borgarinnar verði falið að framkvæma úttekt og áhættumat á rekstri Orkuveitunnar og í kjölfarið verði fjárfestingastefna og áframhaldandi rekstur fyrirtækisins endurskoðaður. Það mætti jafnvel hugsa sér að sá kostur verði skoðaður, að Orkuveitan yrði aftur gerð að hluta sveitarfélagsins í stað sérstaks fyrirtækis.